

A low-angle photograph of a modern building's glass facade. The building's grid of dark window frames is prominent on the left side. A large, light-colored sign is mounted on the facade, featuring the word 'FJÖLDINN' in yellow capital letters at the top and a large, stylized yellow 'F' logo below it. The background is a bright, overcast sky with soft, wispy clouds.

Fjöldinn

ÁRSSKÝRSLA
2016











Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2016 var viðburðarríkt ár hjá Ungmennafélaginu Fjölni og skilaði félagi góðu starfi og flottum árangri víða í hinum fjölmörgum deildum þess. Þetta var fyrsta heila árið okkar með nýja fimleikahúsið í rekstri og gekk það ljómandi vel og hafa fimleikarnir bæði eflst og stækkað.

Starfsfólk, iðkendur, stjórnarfolk og sjálfboðaliðar hafa allir staðið sig vel á árinu og sýnt að þeir hafa styrk og getu til að takast á við stór og smá verkefni og vinna úr þeim félaginu og sér til sóma.

Framundan er áfram haldandi vinna við að bæta aðstöðumál félagsins og ber þar hæst bygging á nýju alhliða íþróttahúsi við Egilshöll sem verður tilbúið í janúar 2018. Jafnframt því verður unnið að stúkubyggingu við Extravöllinn sem er mjög brýnt verkefni ásamt fleiri verkefnum sem öll skipta starfið okkar miklu máli.

Í Egilshöll verður unnið að endurskipulagninu á aðstöðu félagsins sem miðar að því að styrkja HJARTA Fjölnis og gera betri jarðveg til að félagsstarf megi eflast og styrkjast hjá okkur. Félagsstarfið og gleðin eru lykillinn að flottu og stækkandi félagi þar sem allir finna



Guðmundur L. Gunnarsson

sér verkefni við hæfi, hvort sem það er við íþróttaleik eða félagsstarf.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum fyrir samstarfið á árinu og við hlökkum til að takast á við mörg og spennandi verkefni sem bíða okkar á árinu 2017.

Guðmundur L. Gunnarsson
Framkvæmdastjóri

Stjórnin

Aðalstjórn

Formaður

Jón Karl Ólafsson

jonkarlo@outlook.com / 899 6110

Varaformaður

Birgir Gunnlaugsson

birgir@dynax.is / 895 2065

Stjórnarmaður

Elísa Kristmannsdóttir

elisa@straeto.is / 617-2542

Stjórnarmaður

Kristján Friðrik Karlsson

kristjanfk@gmail.com / 699 8233

Stjórnarmaður

Sveinn Ingvarsson

sveinn@tm.is / 863 6491

Stjórnarmaður

Ólöf Inga Guðbjörnsdóttir

olofinga28@gmail.com / 898 9659

Stjórnarmaður

Laufey Jörgensdóttir

laufeyjorgens@gmail.com / 895 0875

Kosin á aðalfundi 9. mars 2016



Jón Karl Ólafsson



Elísa Kristmannsdóttir



Kristján Friðrik Karlsson



Laufey Jörgensdóttir



Sveinn Ingvarsson

Starfsmenn

Starfsmenn Egilshallar - Skrifstofa Fjölnis

Framkvæmdastjóri

Guðmundur L. Gunnarsson
gummi@fjolnir.is / 578-2700

Íþrótt- og félagsmálstjóri

Málfríður Sigurhansdóttir
malfridur@fjolnir.is / 578-2702

Íþróttafulltrúi

Hermann Kr Hreinsson
hemmi@fjolnir.is / 578-2703

Bókhald

Jóhanna Guðmundsdóttir
bokari@fjolnir.is / 578-2704

Hjá þeim er hægt að fá allar upplýsingar um starfsemi félagsins.

Starfsmenn Dalhúsa - Íþróttahús

Rekstrarstjóri í Dalhúsum og vallarstjóri

Valdimar Unnar Jóhannsson
unnar@fjolnir.is / 690-0242

Starfsmaður í Dalhúsum

Boban Ristic
dalhus@fjolnir.is / 690-0242

Starfsmaður í Dalhúsum

Sigríður Rut
dalhus@fjolnir.is / 690-0242



Guðmundur L. Gunnarsson



Hermann Kr Hreinsson



Málfríður Sigurhansdóttir

Helstu verkefni

Almenn húsvarsla í Dalhúsum.

Taka á móti grunnskólabörnum og iðkendum Fjölnis.

Baðvarsla og þrif á húsnæðinu.

Almenn gæsla og fylgja eftir umgengnisreglum Dalhúsa.

Afgreiðsla og önnur tilfallandi störf.

Umhirða á grasvöllum (útisvæði) á sumrin.







UNGMENNAFÉLAGIÐ
FJÖLNIR

Skýrsla stjórnar

ADALFUNDIR DEILDA FJÖLNIS VORU HALDNIR Á TÍMABILINU 26 JANÚAR TIL 9 FEBRÚAR 2017.

DAGSKRÁ ADALFUNDA DEILDA VAR EFTIR-FARANDI SKV LÖGUM FÉLAGSINS;

- A. SKÝRSLA STJÓRNAR
- B. REIKNINGAR DEILDAR
- C. KJÖR FORMANNS
- D. KJÖR STJÓRNARMANNA
- E. ÖNNUR MÁL



sem okkur hefur tekist að byggja upp eitt stærsta íþróttafélag landsins. Við erum auk þess farin að sjá aðra kynslóð Fjölismanna koma til starfa, aðila sem hafa verið Fjölismenn allt sitt líf. Félagið hefur vaxið og dafnað, velta og umsvif hafa líklega aldrei verið meiri en á síðasta ári. Við eigum sífellt fleiri

Fjölismenn, sem eru afreksmenn í sínum greinum og eru félaginu ætíð til sóma. Ég vil enn og aftur þakka öllum Fjölismönnum, iðkendum, starfsmönnum og sjálfboðaliðum sérstaklega fyrir þeirra framlag, því að án þeirra væri starfsemin ekki eins glæsileg og raun ber vitni. Það er alls ekki sjálfgefið, að fólk gefi sér tíma til sjálfboðastarfa og fyrir það ber að þakka. Ég vil þakka ykkur öllum sérstaklega fyrir frábært samstarf á undanförunum árum.

Afkoma Fjölnis á árinu 2016 er góð og varð nokkur hagnaður af heildarrekstri félagsins. Þetta er gott framhald af árinu 2015, þar sem einnig var góður rekstur hjá félaginu. Fjárhagsstaða félagsins er traust, félagið skuldar ekki mikið og við erum vel í stakk búin til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Sem fyrr er það ekki sérstakt markmið að hagnast á



Aðalstjórn Fjölnis Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Fjölnis var haldinn miðvikudaginn 15 febrúar 2017.

Ungmennafélagið Fjölirnir var stofnað árið 1988 og er því eitt yngsta íþróttafélag landsins. Nú fer hins vegar 30 ára afmælið að nálgast, eða eftir um eitt ár, þann 11. febrúar 2018. Það getur verið flókið að starfa innan ungs félags. Flestir sem að starfinu koma hafa áður stutt önnur félög og það getur verið erfitt skref að snúa frá sínu gamla félagi, til að styðja nýtt félag. Við getum því verið mjög stolt af árangri okkar, þar



rekstri íþróttafélaga. Það er hins vegar staðreynd, að reksturinn getur verið mjög sveiflukenndur og afkoma sveiflast mjög á milli ára. Við verðum að geta mætt slíkum sveiflum og við lítum á það sem meginverkefni aðalsjóðs og aðalstjórnar félagsins, að jafna slíkar sveiflur og halda jafnvægi í heildarrekstri Fjölnis.

Fagleg vinna innan félagsins er að mestu leyti unnin í deildum Fjölnis og stjórnir deilda vinna þar frábært starf og bera auk þess ábyrgð á daglegum rekstri hvernar deildar fyrir sig. Meginverkefni aðalstjórnar eru fjármál félagsins í heild, stefnumótun og samræming starfseminnar. Aðstöðumál félagsins hafa einnig tekið mikið af tíma aðalstjórnar. Áhugi á starfi félagsins er sífellt að vaxa og það hefur verið ánægjulegt að sjá, að aðsókn hefur verið að vaxa á viðburði á vegum félagsins. Ég vil áfram hvetja alla til stuðnings við iðkendur okkar, því að hann er svo ómetanlega mikilvægur fyrir þá sem eru að vinna fyrir félagið og ekki síður fyrir iðkendur sem finna vel þegar stuðningur eykst. Afreksstarfið tekur mikinn tíma og fjármuni úr rekstri íþróttafélaga. Afreksstarfið er iðulega sá segull, sem hvetur unga iðkendur til dáða. Flestir iðkendur eiga drauma um afrek í þeim greinum sem þeir stunda og við verðum að tryggja að þeir geti stundað sína íþrótt hjá Fjölni.

Þorablót Fjölnis virðist vera búið að festa sig í sessi, sem mikilvægur viðburður hjá félaginu og einnig sem tækifæri fyrir íbúa Grafarvogs til að hittast og eiga saman góða stund. Þetta er orðinn mjög mikilvægur hluti af fjáröflun félagsins, fjáröflun sem notuð er til að tryggja enn frekari uppbyggingu fyrir

börnin okkar í hverfinu. Það er frábært að geta náð slíku á sama tíma og Grafarvogsbúar geta skemmt sér saman.

Aðstöðumál

Það hefur mikið áunnist í aðstöðumálum félagsins á undanförunum árum. Það varð bylting í aðstöðu fimleikadeildar, með tilkomu fimleikahússins. Húsið hefur reynst mjög vel og gjörbreytt starfssemi deildarinnar. Það er sem fyrr mikill metnaður hjá fimleikadeildinni og hún hefur vaxið mjög og dafnað og er orðin stærsta deild félagsins. Það verður mjög áhugavert að fylgjast með starfssemi deildarinnar á komandi árum.

Nú hefur loksins náðst lending í baráttu Fjölnis um byggingu íþróttahús til að þjóna fjölda iðkenda í körfu og handbolta, frá yngstu flokkum upp í afrekshópa. Aðstaðan hefur verið allt of lítil undanfarin ár, þar sem Dalhús hafa í raun verið eina löglega íþróttahúsið í hverfinu, þ.e. með völlum þar sem bæði er hægt að keppa í hand- og körfubolta. Nýting á Dalhúsum hefur verið mjög mikil undanfarin ár og það má segja, að gott samstarf á milli inniboltadeildanna hafi skilað ótrúlegum árangri. Húsið er löngu sprungið og það hefur þurft að sætta mörg sjónarmið til að láta mál ganga upp.

Þann 6.janúar s.l. var undirritaður samningur á milli Reykjavíkurborgar, Regins og Fjölnis um byggingu nýs íþróttahúss, sem staðsett verður við Egilshöll. Hér er um að ræða tvöfalt hús, þar sem hægt verður að æfa á tveimur löglegum íþróttavöllum samtímis. Húsið verður afhent og tilbúið í upphafi afmælisárs

félagsins 2018 og því má með sanni segja, að afmælisgjöfin verði vegleg. Í framtíðinni er gert ráð fyrir, að góð keppnisaðstaða verði í húsinu og ætti þar að verða rými fyrir 2-3.000 áhorfendur. Við stefnum að því að vera með lið í úrvalsdeild í körfu og handbolta, bæði karla og kvenna. Það virðist raunhæft að hluti af þeim markmiðum náist strax á næsta ári, þar sem árangur hefur verið góður á flestum sviðum. Hið nýja hús mun gjörbreyta aðstöðu félagsins. Það er þó ljóst, að það verður áfram að brúa ákveðið bil þar til húsið verður tilbúið. Það mun örugglega ganga vel, með góðu samstarfi þeirra deilda sem koma til með að nýta sér þessa aðstöðu.

Á sama tíma var undirritaður samningur á milli Fjölnis og Borgarholtsskóla um auknið samstarf. Skólinn mun nýta sér hið nýja hús til kennslu fyrir sína nemendur, en auk þess hefur skólinn aðgang að öllum helstu íþrótta- og mannvirkjum í Grafarvogi. Íþróttaakademía skólans hefur vaxið mjög og dafnað og þessi aukna aðstaða mun eflaust skapa áhugaverð tækifæri til frekari vaxta. Aðstaða Fjölnis mun standa skólanum til boða til kennslu og auk þess mun verða samstarf á milli Fjölnis og skólans um eflingu afreksstarfs innan Fjölnis. Þetta eru gríðarlega spennandi tækifæri, sem verður gaman að sjá þróast á næstu árum.

Enn einn samningurinn var undirritaður og nú um auknið samstarf á milli Fjölnis og Regins. Eins og menn vita, þá á og rekur Reginn húsnæði Egilshallar. Félagin munu saman stofna rekstrarfélag, sem koma mun að daglegum rekstri Egilshallar. Meðal verkefna verður að selja út tíma í íþrótta- og mannvirkjum

til þeirra sem áhuga hafa. Auk þess verður skoðað með sölu á auglýsingapláss. Gert er ráð fyrir að skrifstofa Fjölnis færast til í húsinu og verði nær anddyri Egilshallar. Þar verður hægt að nálgast þjónustu í húsinu. Daglegur rekstur á nýju íþróttahúsi verði í höndum Fjölnis, með svipuðum hætti og rekstur fimleikahúsið hefur verið.

Þó að stórum áfanga sé náð með tilkomu nýs íþróttahúss við Egilshöll, er langt því frá að aðstöðumál séu öll komin í höfn. Knattspyrnuvöllur okkar við Dalhús uppfyllir ekki kröfur KSÍ um áhorfendaaðstöðu og því höfum við starfað á undanþágum frá reglum KSÍ með aðstöðu. Við höfum ákveðin viljrði fyrir því, að undanþága fái áfram á þessu ári. Það er þó ljóst, að við verðum að fá ákvörðun um varanlega lausn og við erum að vinna þessa vinnu í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg. Vinnan miðast við að fá að byggja stúku framan á núverandi íþróttahúsi í Dalhúsum og ná þannig að samnýta aðstöðu fyrir leikmenn og áhorfendur. Þar væri gert ráð fyrir um 1.000-1.200 manna stúku, en einnig er gert ráð fyrir að núverandi stúka verði áfram og nýttist, ef áhorfendafjöldi verður mjög mikill. Leyfi fyrir slíkri stúku framan á húsið eru þó í óvissu, þar sem ekki hefur náðst sátt við arkitekta hússins um að leyfa slíkt. Borgin á í málaferlum vegna sambærilegra mála og vonast er til að niðurstaða liggja fyrir fljótlega. Við verðum að finna lausn á næstu mánuðum.

Aðstöðumál Fjölnis eru að verða nokkuð góð og það gleymist oft í daglegri umræðu. Æfingasvæði félagsins við Dalhús er eitt það besta sem völ er á og aðstaða í og við Egilshöll





er mjög glæsileg og verður það enn frekar með tilkomu nýja hússins. Stefnt er að því að skipta um gervigras á knattspyrnuvelli við Egilshöll núna í vor og verður þá umdeilt gúmmí tekið af vellinum. Við erum fjölgreinafélag og höfum það á stefnuskrá okkar að halda því áfram. Aðstaða sumra deilda er ekki viðunandi og við þurfum að vinna áfram í bættri aðstöðu fyrir þær deildir. Aðstaða karatedeildar félagsins er áfram í Egilshöll, þar sem deildin kom sér fyrir á árinu 2009. Aðstaðan er í sjálfu sér ágæt, en það eru þó miklar takmarkanir á stækkunarmöguleikum í núverandi sal. Með nýju húsi ætti að vera hægt að bæta einhverju við og aðstaða fyrir keppni og sýningar verður betri. Sunddeildin æfir í sundlauginni í Dalhúsum, þar sem aðstaða er sprungin, mun færri en vilja komast að í yngstu hópum deildarinnar sem æfa í innilauginni, unglingshóparnir æfa úti oft við mjög erfiða aðstöðu. Því miður er hitastýring laugarinnar mjög ófullnægjandi og laugin allt of oft köld til æfinga. Afreksstarf deildarinnar fer allt fram í Laugardalslaug þar sem krakkarnir æfa með öðrum afreksmönnum í Reykjavík. Frjálsíþróttadeildin býr því miður við mjög takmarkaða aðstöðu innan hverfis, en afreksfólk okkar æfir mest í Laugardal. Líklega næst niðurstaða fljótlega í viðræðum um hluta geymsluaðstöðu í Egilshöll, þar sem fimleikadeild var áður. Þar verður hægt að koma fyrir einhverri starfsemi tengdri frjálsíþróttadeild. Aðstaða tennisdeildar er einnig mjög takmörkuð og reyndar má segja, að aðstaða til tennisíðkunar í Reykjavík í heild er takmörkuð. Æfingar eru mest í Sporthúsinu

í Kópavogi, en hægt að setja upp tennisnet á ákveðnum völlum við Egilshöll, sem hægt er að nota til æfinga á góðviðrisdögum. Viðræður eru við Reginn um að byggja yfir hluta af „battavöllum“ við Egilshöll og má þá nýta þá velli betur og hugsanlega fyrir tennis. Skákdeildin er sem fyrr með sína öflugu starfsemi í frábæru samstarfi við Rimaskóla.

Starfsemi félagsins

Skrifstofa félagsins sér um allan daglegan rekstur félagsins og er fjármálum allra deilda sinnt af starfsfólki þar. Félagið hefur á að skipa frábæru starfsfólki, sem gegnir lykilhlutverki í rekstri félagsins. Við erum svo heppin, að mikið af okkar fólk hefur unnið hjá okkur í langan tíma og þekkir félagið, starfsemi þess og þjónustu mjög vel. Framkvæmdastjóri félagsins er eins og áður Guðmundur L. Gunnarsson, en hann hefur einnig sinnt fjármálastjórn félagsins undanfarin ár. Auk þess starfa áfram á skrifstofunni Málfríður Sigurhansdóttir, sem er íþrótt- og félagsmálastjóri, Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, sem sér um færslu á bókhaldi og Hermann Hreinsson, sem er í starfi íþróttafulltrúa, auk þess að vera þjálfari í yngri flokkum í knattspyrnu. Halla Karí Hjaltested rekstrarstjóri fimleikadeildar félagsins, Þorgerður Ósk Jónsdóttir, skrifstofustjóri fimleikadeildar og Gunnar Már Guðmundsson, yfirþjálfari knattspyrnudeildar hafa einnig aðstöðu á skrifstofu félagsins í Egilshöll. Í Dalhúsum ræður nú daglega ríkjum Valdimar Unnar Jóhannsson, rekstrar- og vallarstjóri, en þar vinna einnig Boban Ristic og Sigríður Rut Dubert við hússtjórn og

rekstur íþróttahússins í Dalhúsum. Auk þess starfar hjá okkur ungt og efnilegt Fjölnisfólk, sem vinnur með okkar fólki í Dalhúsum við að manna „búrið“ í Dalhúsum og vinna ýmis tilfallandi verk.

Hjá Fjölni starfa reglulega um 150 manns að þjálfun hjá hinum ýmsu deildum félagsins. Á annað hundrað sjálfboðaliðar starfa í stjórn- um og ráðum allra hinna mismunandi deilda hjá Fjölni. Störf sjálfboðaliða verða seint fullþökkuð eru þau gríðarlega mikilvæg félagi eins og Fjölni. Það eru miklar og vaxandi kröfur gerðar til þeirra sem starfa að íþrótt- og æskulýðsstarfi. Við eigum öllum þessu aðilum mikið að þakka og ég vil persónulega þakka öllum starfsmönnum og sjálfboðaliðum félagsins fyrir frábær störf og gott samstarf á árinu.

Í aðalstjórn Fjölnis starfsárið 2016 sátu: Jón Karl Ólafsson, formaður, Birgir Gunnlaugs- son, varaformaður, Elísa Kristmannsdóttir gjaldkeri, Kristján Friðrik Karlsson, Ólöf Inga Guðbjörnsdóttir, Sveinn Ingvarsson og Laufey Jörgensdóttir. Stjórnin heldur fundi mánað- arlega, auk þess sem aukafundir eru haldnir ef sérstök mál koma upp. Ég vil þakka öllum meðstjórnendum mínum fyrir frábært sam- starf á árinu.

Fjármál

Afkoma Fjölnis árið 2016 er nokkuð góð, eins og fram kemur í reikningum félagsins. Afkoma er heldur lakari en á árinu 2015, en verður að teljast vel viðunandi. Það er eðli starfsemi eins og okkar að vera sveiflukennd. Eins og fram hefur komið, þá er það ekki beint

markmið að hagnast á rekstri okkar, en það er mjög mikilvægt að hafa aðhald í rekstri til að mæta þeim sveiflum, sem við vitum að verða áfram á rekstrarumhverfi félagsins. Mjög góður árangur hefur náðst í skilvirkni við innheimtu æfingargjalda og utanumhald um þá þætti. Tölvukerfið Nóri hefur gjörbreytt stöðunni, og skrifstofa félagsins sér alfarið um þau mál fyrir allar deildir félagsins. Fjáraflan- ir hafa áfram gengið betur en undanfarin ár, m.a. vegna samvinnu deilda og meiri skilvirkni í skipulagi málaflöksins. Samningar við Reykjavíkurborg hafa verið að batna og samn- ingar um verðbætur og slíkt skilar sér betur til íþróttafélaganna. Við höfum verið að fá viðbótartekjur vegna frábærra Fjölnismanna sem stunda íþróttir sem atvinnu á erlendri grund. Tekjur frá KSÍ hafa einnig vaxið vegna góðs gengis landsliðs karla á Evrópumótinu í sumar. Hluti af þessum tekjum hafa runnið beint til aðildarféлага KSÍ.

Það er gamall sannleikur, að afreksstarf er fjárfrekasta starfið hjá félaginu og tekur drjúgan tíma af stjórnnum deilda og starfsemi þeirra. Flestar deildir hafa náð nokkuð góðum árangri og ber að þakka stjórnarmönnum og sjálfboðaliðum fyrir góðan árangur. Félagið verður alltaf að vera í stakk búíð til að standa við skuldbindingar sínar og því er árangur undanfarinna ára ánægjulegur og gefur okkur tækifæri til frekari uppbyggingar á komandi misserum. Það kemur skýrt fram í stefnu Fjölnis, að ábyrg fjármálastjórn er eitt af okkar megin gildum og hefur það sem betur fer skil- að því, að fjárhagsstaða félagsins er sterk.

Rekstur deilda félagsins var almennt í lagi





á síðasta ári. Flestar deildir eru reknar annað hvort með hagnaði, eða með jöfnuði á árinu. Handknattleiksdeild er þó aðeins undir markmiðum sínum á árinu. Eins og þeir vita sem að þessari vinnu koma, þá taka fjármál og rekstur mikinn tíma og hefur þetta jafnvel aðeins fælt fólk frá því að koma og vinna fyrir félagið. Það er ekki sjálfgefið, að fólk gefi sér tíma til sjálfboðavinnu fyrir félagið sitt, sérstaklega þegar fjármál og umfjöllun um þau taka svo langan tíma. Það er staðreynd, að þetta er í grunninn helsta verkefni stjórna deilda. Við verðum alltaf að hafa í huga, að þegar þessar grunnstoðir eru í lagi, þá verður starfið mun einfaldara, þægilegra og að sjálfsögðu mun skemmtilegra. Við erum með frábæran grunn, sem er og verður undirstaðan í framtíðarsýn félagsins. Fjölirnir er stórveldi í íþróttum og við viljum halda þeirri sýn á lofti

Mikill viðsnúningur hefur orðið á rekstri körfuknattleiksdeildar. Deildin glímdi við erfiðan rekstur í nokkur ár, en nú hefur tekist að snúa við blaðinu. Á árinu 2016 var góður afgangur af rekstri og hefur staða deildarinnar styrkst mjög. Fjáraflanir hafa gengið mun betur, markvist hefur verið unnið í innheimtu æfingargjalda og tekist hefur að fá fleiri styrktaraðila til að koma að og styrkja deildina. Við náðum ekki marki okkar á síðasta ári um að komast aftur í Úrvalsdeild með karlaliðið okkar. Við erum aftur í mikilli baráttu um slíkt sæti og ég er mjög bjartsýnn á að það markmið náist. Meistaraflokkur kvenna er enn í uppbyggingarstarfi og við erum með marga efnilega leikmenn, sem eiga eftir að koma okkur í hóp hinna bestu á næstu misser-

um. Ungmennastarfið hefur einnig gengið vel og við munum áfram eiga frábært afreksfólk í körfu á næstu árum. Framtíðin er því björt hjá körfunni.

Handknattleiksdeild hefur vaxið undanfarin ár og hefur árangur liðanna okkar í meistaraflokki verið á mikilli uppleið. Rekstur deildarinnar var neikvæður á síðasta ári og við verðum að skoða leiðir til að snúa þeirri þróun við. Meistaraflokkur kvenna er í toppbaráttu í 1.deild og er sem stendur í efsta sæti í deildinni. Við ætlum okkur upp í deild hinna bestu strax á næsta ári. Karlaliðið hefur verið á mikilli siglingu í vetur og hefur unnið alla sína leiki fram til þessa. Ég er þess fullviss, að við verðum með Úrvalsdeildarlið bæði hjá körlum og konum á næsta tímabili. Nýtt íþróttahús við Egilshöll er því enn meiri nauðsyn og mjög tímabært að fá þá aðstöðu, sem þar skapast. Ungmennastarf gengur einnig vel og Fjölirnir á nú marga efnilega landsliðsmenn í yngri landsliðum, sem verða burðarásar í liði okkar og landsliðum í framtíðinni.

Afkoma knattspyrnudeildar var góð á síðasta ári. Karlaliðið okkar var í toppbaráttu í úrvalsdeild og þar eigum við að sjálfsögðu heima. Árangur liðsins var sá besti frá upphafi, þar sem okkur vantaði aðeins eitt stig til að tryggja sæti í Evrópukeppni. Við eigum frábæra fulltrúa, sem stunda sína íþrótt erlendis og Fjölirnir fær uppeldisbætur vegna þeirra. Viðbótaskapur komu frá KSÍ, vegna góðs árangurs íslenska karlalandsliðsins á lokakeppni Evrópumótsins síðasta sumar. Peningastaða deildarinnar er því í nokkuð góðu lagi og er deildin skuldlaus.

Vandinn er hins vegar áfram sá sami. Tekjur frá áhorfendum, styrktaraðilum og öðrum styrkjum stendur ekki undir rekstri á liði í úrvalsdeild, nema að auknar tekjur komi til. Við höfum það markmið að vera í hópi hinna bestu í öllum greinum, en það er ekki sjálfgefið að fjárhagsleg afkoma standi undir því við núverandi aðstæður. Eins og áður hefur komið fram, þá verður að ræða þessa stöðu í stærra samhengi. Á árinu gerði knattspyrnudeildin tímamótasamning við Innnes um samstarf til nokkurra ára og við það tilefni fékk aðalvöllurinn okkar í Dalhúsum nafnið EXTRAVöllurinn.

Rekstur fimleikadeildar er áfram góður og skilar deildin góðri niðurstöðu á síðasta ári. Nýja húsið hefur verið mikil lyftistöng og hefur deildin stækkað og eflst. Það má þó reikna með, að rekstur geti þyngst á næstu árum, þar sem við reiknum með auknu afreksstarfi um leið og deildin eflist. Þetta er þó bara skemmtilegt en jafnframt krefjandi verkefni fyrir stjórn deildarinnar.

Karatedeild er rekin með lítillsháttar tapi, en staða deildar er þó sterk. Afkoma annarra deilda er almennt viðunandi, öflugar stjórnir og ráð í deildum hafa sem fyrr unnið frábært starf í góðu samstarfi við skrifstofu félagsins. Til að fá frekari upplýsingar um starf einstakra deilda er vísað í ársskýrslur stjórna deildanna, sem fylgja hér með, þar sem helstu atriði eru dregin fram.

Afkoma aðalsjóðs var góð á síðasta ári. Hlutverk aðalsjóðs er fyrst og fremst að jafna sveiflur í rekstri deilda og það er því mikilvægt að við höfum aðeins borð fyrir báru í rekstri hans.

Styrktaraðilar

Helstu styrktaraðilar Fjölnis á árinu 2016 voru sem fyrr N1, Bónus og Landsbankinn. Við höfum unnið lengi með þessu aðilum og þeir hafa staðið við bakið á félaginu í gegnum þykkt og þunnt á undanförunum árum. Það er aldrei of oft tekið fram, að það er ómetanlegt að hafa svo traust og öflug fyrirtæki sem bakhjarla. Án þeirra væri starf félagsins nær ómöguleg. Ég vil ítreka þakkir til forráðamanna þessara fyrirtækja fyrir frábært samstarf og góðan hug þeirra til Fjölnis. Deildir félagsins hafa verið öflugar í að ræða við ýmis fyrirtæki sem stutt hafa vel við bakið á hinum mismunandi deildum félagsins og færur við þeim öllum okkar bestu þakkir. Ég vil sérstaklega Ölggerð Egils Skallagrímssonar, sem hefur verið góður samstarfsaðili félagsins í nokkrum deildum. Tryggingarfélagið TM hefur einnig komið nokkuð að starfi hjá knattspyrnudeild og þökkum við að sjálfsögðu einnig fyrir þann stuðning. Samningar hafa nýlega verið endurnýjaðir við aðalstyrktaraðila Fjölnis og hlökkum við til samstarfs á komandi árum. Verkefnið er þó áfram að fá fleiri til liðs við okkar, því að stuðnings þeirra er afreksstarf félagsins mun erfiðar í rekstri.

Daglega starfið

Faglegu starfi allra deilda er stýrt af stjórnunum þeirra og þær eru einnig ábyrgar fyrir daglegu starfi deilda. Í þessu stjórnunum er frábært fólk, sem vinnur mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið. Í skýrslum formanna deilda er fjallað nánar um deildirnar og ég vísa í þessar skýrslur til frekari upplýsinga um daglegt starf.





Porrablót Fjöltnis var haldið janúar. Uppselt var á porrablótíð og um 700 matargestir og 200 aðrir ballgestir skemmtu sér konunglega fram á nótt. Porrablótíð er orðið ein stærsta einstaka fjáröflun fyrir félagið og ég vil þakka þeim sem komu sérstaklega fyrir þeirra framlag. Þetta er komið til að vera og ég hlakka til að sjá alla aftur á næsta porrablótí. Herrakvöld og konukvöld Fjöltnis hafa einnig vaxið undanfarið og er það einnig ánægjulegt. Ég vil hetja ykkur til að halda áfram að koma að þessum viðburðum og öðrum á vegum félagsins á næstu misserum.

Fjöltnir er sem fyrr stoltur þátttakandi í starfi UMFÍ og tók þátt í ýmsum uppákomum á þeirra vegum á árinu. Á næsta þingi UMFÍ verður tekin fyrir umsókn íþróttabandalaga um beina aðild að UMFÍ. Fjöltnir hefur átt fulltrúa í vinnuhópi, sem er að meta hugsanleg áhrif af inngöngu þessara bandalaga. Niðurstaðan er sú, að skipting Lottótekna muni ekki breytast neitt við þessa mögulegu inngöngu. Auk þess eru settar takmarkanir á þingfulltrúa stærri aðildarfélagu, til að reyna að koma í veg fyrir mögulega blokkamyndun. Þessar hugmyndir verða kynntar fyrir núverandi aðildarfélögum og þeim íþróttabandalögum, sem hafa sótt um beina aðild. Ekki er alveg ljóst hvort áhugi þeirra breytist, þegar skilyrðin verða ljós. Málið verður síðan tekið fyrir á næsta þingi UMFÍ núna í október. Ef þetta verður samþykkt, þá mun bein aðild Fjöltnis breytast og við munum vera meðlimir í gegnum ÍBR eins og önnur félög í Reykjavík. Lottótekjur haldast hins vegar óbreyttar.

Viðurkenningar

Við heiðrum afreksmenn deilda, íþróttamann Fjöltnis og Fjöltnismann ársins í lok hvers árs. Við stefnum áfram að því, að halda þessum góða sið áfram daginn fyrir Gamlársdag og við viljum hvetja alla Fjöltnismenn til þess að merkja við þennan viðburð í dagatalinu sínu og koma til að samfagna okkur þegar við heiðrum þá fremstu meðal jafningja.

Viðurkenningar fyrir árið 2016 hlutu:

Íþróttamaður Fjöltnis:

Viðar Ari Jónsson, knattspyrnudeild

Fjöltnismaður ársins:

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, formaður fimleikadeildar

Viðar Ari var lykilmaður í liði meistaraflokks karla í knattspyrnu, sem náði besta árangri félagsins frá upphafi í boltagreinum. Liðið endaði í 4. sæti Pepsí deildarinnar með 37 stig og munaði bara einu stígi að þeir næðu hinu langþráða Evrópusæti. Að auki spilaði Viðar Ari 5 leiki með U21 liði Íslands, sem var hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í úrslitakeppni EM á næsta ári. Hann hefur auk þess tvisvar verið valinn í A landslið Íslands núna á nýju ári. Viðar Ari er mikill keppnismaður sem gefur allt sem hann á í leikinn. Hann er frábær Fjöltnismaður og hann er góð fyrirmynd ungra iðkenda.

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir formaður fimleikadeildar Fjöltnis og ungmennafélagskona hefur unnið fyrir deildina í rúm 8 ár. Á þessum tíma hefur hún unnið að gríðarlega mörgum verkefnum bæði stórum og smáum. Rekstur deildarinnar komst í gott horf og skynsamlegar ákvarðanir en þó sanngjarnar hafa verið teknar

undir hennar leiðsögn og hafa þær mótað starf fimleikadeildarinnar til framtíðar. Hún á stóran þátt í því að nýtt fimleikahús sé nú risið við Egilshöll og fylgir enn eftir þeim verkefnum sem tekið hafa við vegna stækkunar deildarinnar. Hanna hefur einnig setið í stjórn frjálsíþróttadeildar og handknattleiksdeildar og skilaði þar gríðarlega góðu starfi eins og henni er von og vísa. Einnig sat hún í aðalstjórn félagsins og sinnti því starfi af sömu natni og áhuga. Hanna tekur að sér öll verkefni með bros á vör og það er alltaf skemmtileg og gefandi að vera í kringum hana.

Á hátíðinni voru afreksmenn allra deilda sérstaklega heiðraðir. Lista yfir þetta frábæra afreksfólk okkar er að finna á heimasíðu félagsins.

Verkefni framundan

Fjölirnir er þegar orðið stórveldi á sviði íþróttar á Íslandi og stefna okkar er að halda áfram að efla félagið, þegar það nú nálgast þrítugsaldurinn. Við eigum mikinn og stækkandi hóp af frábærum Fjölnismönnum. Nú erum við að sjá uppalda Fjölnismenn koma með börnin sín til félagsins. Í slíkum tilfellum er aldrei spurt um stuðning, þau eru gegnheilir Fjölnismenn! Meginverkefni okkar er að efla íþróttastarf ungs fólks sem kys að vera í Fjölni. Við verðum alltaf að muna, að afreksstarfið er fyrirmyndin og segullinn sem hvetur ungmennin okkar áfram. Þetta er gulrótin, sem hvetur unga iðkendur til dáða. Við verðum því að sjá tilgang í því, að hjálpa til að við halda úti afreksstarfi hjá félaginu. Við verðum áfram að mæta og styðja okkar fólk, í öllum deildum – í öllum aldurs-

flokkum. Stuðningur er ómetanlegur og hvetur alla svo óendanlega mikið til dáða. Við lítum á okkur sem íþróttafélag okkar Grafarvogsbúa og stuðningur við starf félagsins er lykillinn að frekari árangri.

Stórum áföngum hefur verið náð í aðstöðumálum félagsins. Þetta eru þó verkefni sem aldrei klárast að fullu. Við verðum að tryggja betri keppnisaðstöðu fyrir knattspyrnu og aðstöðumál fyrir frjálsar íþróttir og tennis þarf að bæta. Það eru mikil tækifæri fólgin í auknu samstarfi við Borgarholtsskóla. Þar innan dyra er rekin mjög metnaðarfull íþróttakadema, þar sem margir frábærir íþróttamenn eru nú við nám. Aðstaða skólans til íþróttastarfs mun batna mikið með nýrri aðstöðu. Við Fjölnismenn hlökkum til samstarfs við skólann og það verður spennandi að fylgjast með þessum málum á næstu misserum.

Það eru því mörg áhugaverð og skemmtileg verkefni framundan. Meginmarkmið og tilgangur félagsins okkar er áframhaldandi uppbygging félagsins og efling barna- og unglingsstarfs í góðri samvinnu við stjórnir deilda, foreldrafélög og næsta umhverfi félagsins í hverfinu okkar. Við viljum tryggja, að börnin okkar hafi aðgang að góðri þjálfun, í góðum félagsskap og hjá félagi, sem þau og við erum stolt af. Þetta er besta forvarnarstarf sem til er. Við erum og eigum að vera stolt af félaginu okkar og framtíð Fjölnis er björt – áfram FJÖLNIR.

*Jón Karl Ólafsson
formaður Fjölnis*





Sparaðu fyrir útborgun í fyrstu íbúðina



Fyrstu íbúðarkaupin verða auðveldari þegar þú nýtir viðbótarlífeyrissparnað, skattfrjálst og með mótframlagi frá vinnuveitanda, til að spara fyrir útborgun.
landsbankinn.is/sparadufyrirutborgun

Dóra Júlía Agnarsdóttir
Viðskiptavinur Landsbankans





Fimleikadeild

**ÆDALFUNDUR FIMLEIKAEILDAR
SKÝRSLA STJÓRNAR**

**ÆDALFUNDUR FIMLEIKAEILDAR VAR HALDINN Í
EGILSHÖLL MÁNUDAGINN 30 JANÚAR 2017.**

**JARÞRÚÐUR H. JÓHANNSDÓTTIR, FORMAÐUR
SVAVA ÞORSTEINSDÓTTIR, GJALDKERI
STEFÁN H. STEFÁNSSON, RITARI
ELVA MÖLLER, MEÐSTJÓRNANDI**

**HEIÐA BJÖRG TÓMASDÓTTIR, MEÐSTJÓRNANDI
HREFNA HJÖRDÍS GUÐNADÓTTIR, MEÐSTJÓRNANDI
MARÍA GARÐARSÓTTIR, MEÐSTJÓRNANDI
VALGERÐUR SIGURÐARDÓTTIR, MEÐSTJÓRNANDI**

Árið 2016 er búið að vera viðburðaríkt ár hjá fimleikadeild Fjölnis. Árið er fyrsta heila árið í nýja fimleikahúsinu sem hefur reynst okkur mjög vel en auðvitað komu upp ýmsir byrjunarörðugleikar. Leki á þaki kom fljótlega í ljós og þegar farið var að gera við hann skemmdust dýnur en það leystist nú allt saman farsælega að lokum.

Ljóst var í upphafi að með byggingu hússins fylgdi ekki hljóðkerfi og var því ráðist í að kaupa öflugt hljóðkerfi sem hefur komið mjög vel út á mótum og á sýningum. Kaupin á kerfinu eru að langmestu leyti iðkendum okkar



að þakka sem voru sérlega dugleg í fjáröflunum til að safna fyrir því. Ennfremur hefur deildin þurft að ráðast í kaup á ýmsum smááhöldum og nú síðast viðbótar gólfrenninga til að minnka meiðslahættu í salnum.

Starfsmanna- og þjálfarahópur deildarinnar samanstendur af kraftmiklu fólki sem tekist hefur að ná fimleikadeild Fjölnis upp á annað stig eftir að nýja húsið varð að veruleika. Iðkendur okkar vekja athygli og eru að ná miklum árangri á mótum. Á árinu eignaðist deildin sitt fyrsta landsliðsfólk í hóp fimleikum en fjórar stúlkur voru valdar í úrtakshóp fyrir Evrópumótið í hóp fimleikum sem haldið var í Maribor í Slóveníu í október sl. Tvær þeirra voru valdar í lokahópinn og kepptu á mótinu en auk þeirra áttum við tvo þjálfara í þjálfarateyminu þar ytra. Stórkostlegur árangur náðist á mótinu eins og öllu fimleikaáhugafólki er í fersku minni en þar fóru öll lið Íslands, fjögur talsins á verðlaunapall og þar af eitt þeirra í fyrsta sæti og eignaðist deildin þar Evrópumeistara.





Við höldum okkar fyrstu vorsýningu í nýja húsinu sl. vor en þar sem stúkan er mun minni heldur en í Dalhúsum þurfum við að halda fleiri sýningar, en áður hefur verið, til að gera forráðamönnum allra kleift að koma á sýningu með sínu barni. Þemað að þessu sinni var Disney ævintýri og var þar að finna litskrúðugar fígúrir sem sýndu listir sínar og frábæra sviðsmynd sem hönnuð var og smíðuð af foreldrum.

Um leið og ég þakka fyrir þetta frábæra ár vil ég nota tækifærið og þakka sérstaklega þeim sjálfboðaliðum sem hafa lagt okkur lið við undirbúning og framkvæmd móta og vorsýningar á árinu, án ykkar væri þetta ekki hægt.

En við getum lengi á okkur blómum bætt og vil ég hvetja þá sem hingað til hafa ekki séð sér fært að aðstoða eða eru ný í deildinni að gefa sig fram þegar óskað er eftir sjálfboðaliðum því margar hendur vinna létt verk og allt er þetta gert til að gera börnunum okkar kleift að stunda sína íþrótt, keppa á mótum sem haldin eru og að sýna forráðamönnum og öðrum listir sínar.

Fimleikadeild Fjölris var formlega stofnuð í maí 2002 en hafði starfað undir Almenningsdeild Fjölris frá haustinu 2001. Árið 2016 einkenndist af gleði og stöðugleika í nýju fimleikahúsi. Aldrei hafa verið fleiri iðkendur hjá deildinni en um áramót voru iðkendur rúmlega 800 talsins. Það var ánægjulegt að fylgjast með iðkendum bæta færni sína í glæsilegri aðstöðu og sjá starfsemina vaxa.

G-hópar	F-hópar	U-hópar	A-hópar
5 ára	6-8 ára	9 ára	10 ára og eldri



Fimleikahópar

Boðið var upp á æfingar fyrir stúlkur og drengi frá 5 ára aldri. Iðkendur voru í mismundandi hópum sem skiptust eftir aldri og getustigi.

Áhaldafimleikar

Stúlkur og drengir frá 10 ára aldri stunduðu áhaldafimleika. Iðkendur kepptu eftir reglum fimleikastigans á mótum fimleikasambands Íslands ásamt öðrum millifélagamótum.

Hópfimleikar

Stúlkur og drengir frá 10 ára aldri stunduðu hópfimleika. Iðkendur kepptu eftir reglum hópfimleika á mótum fimleikasambands Íslands. Þetta var í fyrsta sinn sem Fjölnir átti þátttakendur í flokki drengja í hópfimleikum, við fögnum þeirri þróun.

Parkour

Áfram var boðið upp á parkour æfingar fyrir iðkendur frá 9 ára aldri. Aðsókn hefur verið mikil en við höfum náð að bjóða flestum pláss af biðlistum. Stefnt er að því að stækka starfsemi parkour á næstu árum.


Fullorðinsfimleikar

Líkt og undanfarin ár mætti stór og öflugur hópur 18 ára og eldri tvisvar sinnum í viku til að stunda þrek- og fimleikaæfingar.

Leikfimi

Það er ánægjulegt að tilkynna að Korpúlfar félag eldri borgara í Grafarvogi og fimleika-deildin hófu samstarf á árinu. Það voru 10 manns sem stunduðu æfingar í fimleikasaln-

G-hópar	F-hópar	U-hópar	A-hópar
5 ára	6-8 ára	9 ára	10 ára og eldri




um einu sinni í viku undir leiðsögn þjálfara fimleikadeildar. Verkefnið fór vel af stað og við hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Sumarnámskeið

Ákveðið var að fara í samstarf við Gufunesbæ og bjóða upp á heilsdagsnámskeið fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Frístundaheimilin voru með dagskrá fyrir hádegi og fimleikadeildin með æfingar eftir hádegi. Mikli eftirspurn var eftir námskeiðunum og tókum við á móti rúmlega 200 börnum á 6 vikna tímabili. Einnig var boðið upp á sumaræfingar fyrir fimleikaiðkendur í áhald- og hópfimleikum.





Æfingabúðir

Fjölirnir og Gróttan stóðu fyrir æfingabúðum stúlkna í áhaldafimleikum. Um 50 stúlkur frá báðum félögum ásamt fimleikahóp frá Írlandi æfðu saman í fimleikahúsi Fjölnis í 6 daga. Reyndir þjálfarar frá Bandaríkjunum stjórnuðu æfingum ásamt íslenskum þjálfurum. Ánægja var með verkefnið og áhugi fyrir því að endurtaka það með svipuðu fyrirkomulagi árið 2017.

Afrekaskrá

- 2. þrep 12 ára Áhaldafimleikar kvk Venus Sara Hróarsdóttir 1.sæti
- 2. þrep 12 ára Áhaldafimleikar kvk Jóna Katrín Björnsdóttir 2.sæti
- 5. þrep 12 ára Áhaldafimleikar kvk Indíana Dögg Einarsdóttir 2.sæti
- 4. þrep Áhaldafimleikar KK Sigurður Ari Stefánsson 3.sæti
- 5. þrep 9 ára Áhaldafimleikar KK Elio Mar Rebora 3.sæti

Landsliðsverkefni

Stúlkurnar Ásta Kristinsdóttir, Heiða Kristinsdóttir, Kristín Sara Stefánsdóttir og Sigrún Vernharðsdóttir voru valdar í landsliðshóp fyrir EM í hópfimleikum og er það í fyrsta skipti sem að iðkendur frá Fjölni taka þátt í landsliðsverkefnum.

Fimleikamót erlendis

- Stúlknalandslið Hópfimleikar Ásta Kristinsdóttir 1.sæti
- Blandað lið unglunga Hópfimleikar Heiða Kristinsdóttir 3.sæti

Keppandi	Sæti
Venus Sara Hróarsdóttir	1.sæti
Jóna Katrín Björnsdóttir	2.sæti
Indíana Dögg Einarsdóttir	2.sæti
Sigurður Ari Stefánsson	3.sæti
Elio Mar Rebora	3.sæti

Evropumót	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
Stúlknalandslið	Hópfimleikar	Ásta Kristinsdóttir	1.sæti
Blandað lið unglunga	Hópfimleikar	Heiða Kristinsdóttir	3.sæti

Íþróttamaður fimleikadeildar

Fimleikadeild Fjölris tilnefndi Ástu Kristinsdóttur sem íþróttamann ársins 2016. Ásta hefur hefur stundað fimleika frá unga aldri hjá fimleikadeild Fjölris. Hún er 16 ára gömul og er fyrirmynda iðkandi, hvort sem það er á æfingum, í keppnisferðum eða samskiptum við þjálfara og aðra iðkendur. Undanfarið ár hefur hún náð gríðarlegum árangri í hópfimleikum og er hún fremstu röð fimleikastúlkna í hennar aldursflokki.

FIMLEIKAMÓT & VIÐBURÐIR

Fimleikasambandsmót & millifélagamót

Líkt og undanfarin ár tóku iðkendur deildarinnar þátt í fjölmörgum fimleikamótum á keppnistímabilinu. Keppendur Fjölris stóðu sig með þryði og unnu til fjölda verðlauna. Deildin sá einnig um að halda tvö fimleikamót, en það er í höndum aðildarfélaga FSÍ að halda fimleikamót sem eru á mótaskrá fimleikasambands Íslands.

Innanfélagsmót

Fyrsta innanfélagsmótið í nýju húsi var haldið 21. – 23. janúar. Rúmlega 400 iðkendur frá 6 ára aldri tóku þátt og fengu allir keppendur þáttökuverðlaun fyrir frábæra frammistöðu. Seinni hluti mótsins var haldin í mars, en þá komu saman 100 iðkendur í grunnhópum deildarinnar og sýndu æfingar sem þau höfðu lært yfir veturinn.



Vorsýning

Fimleikahúsið varð að draumaveröld Disney dagana 2. og 3. júní en þá fór fram vorsýning deildarinnar. Það var spennandi en krefjandi verkefni að setja upp sýningu á nýjum sal en sýningarnar voru fimm talsins og voru allar sýndar fyrir fullri stúku. Búninga- og sviðsmyndanefnd á sannarlega hrós skilið fyrir glæsilega búninga og stórbrotna sviðmynd.



Margir þjálfarar komu að því að semja atriðin en sýningarstjórar voru Halla Karí Hjaltsted og Tara Silvana Matthíasdóttir.

SKRIFSTOFA & ÞJÁLFRARAR

Starfsfólk

Starfsmönnum fjölgaði töluvert á árinu samhliða stækkun deildarinnar. Það er því gríðarlega mikilvægt að huga að góðum samskiptum milli starfsmanna og viðhalda þeim góða starfsanda sem hefur einkennt þjálfarateymið í mörg ár. Þjálfaranámskeið, skipulagðir fundir og félagslegir viðburðir hafa verið markvissir á árinu og hafa skilað kröftugum og metnaðarfullum starfsmönnum.

Stjórnendateymi deildarinnar

- Halla Karí Hjaltsted
- Framkvæmdastjóri
- Zoltán József Demény
- Verkefnastjóri áhaldafimleika karla
- Þorgerður Ósk Jónsdóttir
- Skrifstofustjóri
- Verkefnistjóri grunn- og framhaldshópar
- Verkefnastjóri áhaldafimleika kvenna
- Tinna Ingvarsdóttir
- Verkefnastjóri hóp fimleika
- Verkefnastjóri fimleikar fyrir alla

Fastráðnir þjálfarar

- Benedikt Rúnar Valgeirsson
- Áhaldafimleikar kvk og kk
- Hópfimleikar
- Sunnudagshópar
- George Lucian Branzai
- Áhaldafimleikar kvk
- Hópfimleikar
- Grunn- og framhaldshópar
- Bjarni Gíslason
- Hópfimleikar
- Grunn- og framhaldshópar kk
- Nicoleta Cristina Branzai
- Áhaldafimleikar kvk
- Grunn- og framhaldshópar

Skipting starfsmanna

Fjöldi

Starfsmenn í fullu starfi	2
Þjálfarar í fullu starfi	5
Þjálfarar í hlutastarfi	21
Aðstoðarþjálfarar í hlutastarfi	11

Lokaorð

Að lokum vill stjórn fimleikadeildarinnar þakka samstarfsaðilum fyrir samgott starf á liðnum árum. Þjálfarar og starfsfólk deildarinnar hafa unnið frábært starf við að byggja upp okkar öfluggu deild sem fer ört stækkandi og hafa þeir unnið ötullega að því að styrkja iðkendur til að ná sem bestum árangri. Samstarfið við starfsfólk skrifstofu Fjölris hefur í gegnum árin verið afskaplega gott og var síð-

astliðið ár engin undantekning og færur við þeim okkar bestu þakkir. Enn fremur þökkum við starfsmönnum Egilshallar fyrir vel unnin störf og gott viðmót.

Framtíð fimleikadeildar Fjölris er björt og hlökkum við til að vinna áfram með iðkendum og foreldrum að því að móta deildina til framtíðar.

Áfram fimleikar – Áfram Fjölris

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir





N1 kortið færir þér bæði afslátt og punkta

Allir ættu að fá sér N1 kortið eða lykilinn

N1 kortið og N1 lykillinn kosta ekkert en færa þér bæði afslátt og N1 punkta sem gilda sem inneign í öllum viðskiptum við N1.

Sæktu um kortið á n1.is og byrjaðu að spara og safna.





Frjálsíþróttadeild

SKÝRSLA STJÓRNAR

ÁÐALFUNDUR FRJÁLSÍÞRÓTTAÐEILDAR VAR HALDINN Í EGILSHÖLL MÁNUDAGINN 30 JANÚÁR 2017.

Áaðalfundi frjálsíþróttadeildarinnar 24. febrúar 2016 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

Unnur Sigurðardóttir formaður
Þórgrímur H. Guðmundsson varaformaður
Guðrún Hrefna Elliðadóttir gjaldkeri
Auður Ólafsdóttir ritari
Hreinn Ólafsson meðstjórnandi
Fjóla María Lárusdóttir meðstjórnandi
Sigríður Klara Böðvarsdóttir varamaður
Greta Jessen varamaður

Þær breytingar urðu á stjórninni að Þórgrímur H. Guðmundsson tók við sem varaformaður af Fjólu Maríu Lárusdóttur og Guðrún Hrefna Elliðadóttir tók við sem gjaldkeri af Hreini Ólafssyni. Greta Jessen kom ný inn í stjórnina og Íris Anna Skúladóttir hætti í stjórn. Í stjórn FÍRR (Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur) situr formaður deildarinnar.

Starf frjálsíþróttadeildarinnar var með nokkuð hefðbundnum hætti þetta árið eins og undanfarin ár. Fyrsta verkefni ársins var

að halda Reykjavík International Games ásamt fleiri félögum sem fram fór 23. janúar og er eina alþjóðlega frjálsíþróttamót innanhúss sem haldið er hér á landi. Eins og á síðasta ári var umsjón mótsins á vegum FRÍ og fengu þeir reynsluboltann okkar Guðlaugu Baldvinsdóttur til að vera mótsstjóra. Í febrúar sá deildin síðan um Meistaramót Íslands í fjölþrautum og Mí öldunga og gekk framkvæmd mótanna vel og var okkur Fjölismönnum til sóma. Fyrir yngstu iðkendurna þá héldum við páskamót og buðum Aftureldingakrökkunum að koma og keppa. Voru krakkarnir mjög ánægðir að koma í Frjálsíþróttahöllina og prufa alvöru aðstöðu.

Með vorinu byrjuðu hlaupaviðburðir sem deildin stóð fyrir og er þá fyrst af nefna Fjölnishlaupið okkar sem haldið var nú í 28. sinn fimmtudaginn 26. maí og áttunda árið í röð sem það er hluti að Powerade sumarhlauparöðinni. 106 tóku þátt í 10 km hlaupinu og 65 í skemmtiskokkinu. Frjálsíþróttadeildin sá einnig um framkvæmd Miðnæturhlaups Suzuki í níunda sinn í samvinnu við Ármann. Alls luku 2.306 keppendur hlaupinu sem voru aðeins færri en á síðasta ári. Mikinn mannafla þarf til að framkvæmd gangi vel fyrir





sig og höfum við þar notið krafta iðkenda og aðstandenda deildarinnar auk þess sem Hlaupahópur Fjölnis hefur verið virkur við brautargæslu.

Þann 2. júní héldum við okkar árlega Vormót Fjölnis fyrir krakka á aldrinum 11-15 ára á Laugardalsvelli. Mótið var með hefðbundnu sniði og alls voru skráðir til leiks 77 keppendur. Í desember var svo haldið jólamót fyrir 6-9 ára hópurinn og aftur var krökkum í Aftureldingu boðið að vera með. Milli jóla og nýárs var svo Áramótið okkar þann 29. des. Góð þátttaka var á mótinu, alls mættu til leiks 110 þátttakendur sem er talsverð fjölgun frá fyrra ári. Góður árangur náðist í mörgum greinum.

Að auki kom Fjölnir að mótshaldi Reykjavíkurmeistaramóta ásamt öðrum félögum í Reykjavík. Einnig stóð deildin að Grunnskólamáti í frjálsum í samstarfi við hin Reykjavíkurfélögin. Mótið var haldið í Laugardalshöll dagana 1., 2. og 5. sept. Mótið var fyrir krakka í 6.-9. bekk.

Æfingar deildarinnar voru með nokkuð hefðbundnum hætti eins og undanfarin ár, þó svo að breytingar hafi átt sér stað á þjálfurum:

Hópurinn 10 ára og yngri var undir umsjón Þórðar Helga Halldórssonar, Hafdísar Rósar Jóhannesdóttur, Helgu Þóru Sigurjónsdóttur og Maríu Sólar Antonsdóttur fram til vorsins en um haustið tók Matthías Már Heiðarsson við af Þórði og Maríu Sól hætti. Hætt var að skipta hópunum upp eftir aldri um haustið. Hópurinn æfði tvisvar í viku í Rimaskóla og frá og með haustinu bættist við ein æfing á viku í Laugardalshöll.

11-14 ára hópurinn hafði á vorönninni

aðstöðu í Víkurskóla, Egilshöllinni og í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Þjálfarar á vorönninni voru Arnar Óskarson, Magnús Óskarsson og Hafdís Rós Jóhannesdóttir. Æfingar voru þrisvar í viku. Arnar og Magnús hættu um haustið og nú eru Matthías Már Heiðarsson, Hafdís Rós Jóhannesdóttir og Helga Þóra Sigurjónsdóttir þjálfarar flokksins. Æfingar eru fjórum sinnum í viku í Rimaskóla (2) og Laugardalshöll (2). Um sumarið fóru æfingar hópsins fram á frjálsíþróttavelli Aftureldingar í Mosfellsbæ.

Í haust hófst samstarf við handboltadeild um að iðkendur þar gætu æft einu sinni í viku frjálsar gegn vægu gjaldi.

Unglingaflokkur 15 ára og eldri æfir undir stjórn Óskars Hlynssonar. Um sumarið fóru æfingar hópsins fram á frjálsíþróttavelli Aftureldingar í Mosfellsbæ. Var tekin sú ákvörðun að hafa sameiginlegar æfingar með Aftureldingu, en þjálfari þar er Hlynur Chadwick Guðmundsson. Á veturnar fara æfingar fram í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Æft er 5-6 sinnum í viku. Samstarfið með Aftureldingu er ennþá í gangi og hefur gengið mjög vel. Í haust bættist við tækniþjálfari, Theodór Karlsson, sem verður með æfingar í stökkum á fimmtudögum.

Samið var við ÍR um þjálfun langhlaupara deildarinnar og æfa nú fjögur Fjölnis-ungmenn hjá ÍR undir stjórn Mörту Ernstdóttur.

Um vorið var gerð tilraun með fullorðinsæfingahóp og hefur hann æft tvisvar í viku undir stjórn Óskars Hlynssonar. Um sumarið var æft á svæði Aftureldingar í Mosfellsbæ en í haust færðust æfingarnar í Frjálsíþróttahöllina í Laugardal.

Hlaupahópur Fjöltnis varð hluti af deildinni í ársbyrjun og hafa hlauparar okkar eins og áður nýtt sér æfingar sem þar eru í boði. Í upphafi ársins tók Helga Guðný Elíasdóttir við sem þjálfari hópsins. Hún hætti störfum í ágúst og Ingvar Hjartarson tók við hópnum tímabundið. Óskar Jakobsson var síðan ráðinn sem þjálfari hlaupahópsins og hóf störf í október. Þrjú byrjendanámskeið voru haldin á árinu hjá hlaupahópnum og sáu Ingólfur Björn Sigurðsson og Ingvar Hjartarson um þjálfun á þeim.

Árangur okkar iðkenda hefur verið mjög góður á árinu 2016 og erum við mjög bjartsýn á framhaldið. Margir eru að bæta sig stórlega og vinna góða persónulega sigra og það verður mjög gaman að fylgjast með framhaldinu.

Íslandsmeistarar á árinu:

Arndís Ýr Hafþórsdóttir varð Íslandsmeistari í 3000 m hlaupi innanhúss á tímanum 10:38,72.

Ingvar Hjartarson varð Íslandsmeistari í 10 km götuhlaupi á tímanum 33:44.

Tómas Arnar Þorláksson varð Íslandsmeistari í 400 m hlaupi pílta 16-17 ára innanhúss á tímanum 51,04 sek.

Daði Arnarson varð Íslandsmeistari í 800 m hlaupi pílta 16-17 ára innanhúss á tímanum 2:00,94. Hann varð einnig Íslandsmeistari í 1500 m hlaupi á tímanum 4:11,95 sem var jafnframt mótismet.

Hermann Orri Svavarsson varð Íslandsmeistari í langstökki pílta 16-17 ára innanhúss með stökk upp á 6,15 m.

Vilhelmína Þór Óskarsdóttir varð Íslandsmeistari í 400 m hlaupi stúlkna 18-19 ára

innanhúss á tímanum 58,16 sek.

Hlín Heiðarsdóttir varð Íslandsmeistari í 800 m hlaupi stúlkna 16-17 ára innanhúss á tímanum 2:27,98.

Helga Guðný Elíasdóttir varð Íslandsmeistari í 1500 m hlaupi stúlkna 20-22 ára innanhúss. (Vantar upplýsingar um tíma.)

Sveit Fjöltnis varð Íslandsmeistari í 4x200 m boðhlaupi stúlkna 18-19 ára á tímanum 1:46,85.

Bjarni Anton Theódórsson varð Íslandsmeistari pílta 18-19 ára utanhúss í 400 m hlaupi á tímanum 50,02sek sem var jafnframt mótismet.

Vilhelmína Þór Óskarsdóttir varð Íslandsmeistari stúlkna 18-19 ára utanhúss í 400 m hlaupi á tímanum 58,78sek sem var jafnframt mótismet.



Helga Þóra Sigurjónsdóttir varð Íslandsmeistari stúlkna 16-17 utanhúss í hástökki með stökk uppá 1,69m sem var jafnframt mótismet.

Sigríður Sara Sigurðardóttir varð Íslandsmeistari í flokki kvenna 45-49 öldunga í hástökki og langstökki innanhúss. Einnig varð hún Íslandsmeistari utanhúss í 200 m hlaupi, 800 m hlaupi, hástökki, langstökki, spjótkesti, sleggjukasti og lóðkasti.

Signý Hjartardóttir varð Íslandsmeistari í fimmtarþraut 15 ára og yngri með 2408 stig.

5 keppendur frá Fjölni voru valdir til að taka þátt á Reykjavík International Games og sigraði Helga Þóra Sigurjónsdóttir í hástökki með stökk upp á 1,70m og Daði Arnarson varð í 3. sæti í 800 m hlaupi.

3 keppendur frá Fjölni voru valdir til að





taka þátt í NM U20. Helga Þóra Sigurjónsdóttir keppti í hástökki. Vilhelmína Þór Óskarsdóttir keppti í 4x400m boðhlaupi og Bjarni Anton Theódórsson keppti einnig í 4x400 m boðhlaupi.

4 iðkendur frá Fjölni voru valin til að taka þátt í Grunnskólamóti höfuðborga Norðurlandanna sem fram fór í Helsinki í maí. Þau sem fóru voru: Elísa Sverrisdóttir, Signý Hjartardóttir, Bjartur Gabriel Guðmundsson og Theodór Tristan S. Sigurðsson.

Helga Þóra Sigurjónsdóttir var kosin afrekmaður deildarinnar 2016 fyrir framúrskarandi árangur í hástökki.

Frá yfirþjálfara:

Innanhúsaástaðan okkar í Laugardalnum er góð en okkur vantar aðstöðu í hverfið til að geta verið í einhverri samkeppni við önnur félög í Reykjavík varðandi yngri iðkendur. Þetta er orðið mjög aðkallandi og ætti að vera forgangsmatið þegar við horfum fram á við. Ég kalla eftir umræðu um þetta mál og vonast eftir einhverri lausn fyrir næsta vetur.

Óskar Hlynsson

Yfirlit yfir starfsemi Hlaupahóps Fjölnis starfsárið 2016

Starfsemi hlaupahópsins var með nokkru breyttu sniði á 23. starfsári hópsins. Í fyrsta sinn í sögu hópsins var auglýst eftir nýjum þjálfara, en Erla Gunnarsdóttir íþróttfræðingur sem hefur átt farsælan feril sem þjálfari hópsins frá upphafi tók þá ákvörðun að stíga til hliðar frá áramótum. Hópurinn nýtur blessunarlega áfram liðsinnis Erlu sem

áfram er virkur meðlimur í hópnum. Í tengslum við breytingarnar tók Frjálsíþróttadeildin yfir rekstrarhlið hópsins og æfingargjöld voru innheimt í gegnum Nora í fyrsta sinn. Helga Guðný Elíasdóttir var ráðin til starfa frá áramótum tvo daga í viku, á mánudögum og miðvikudögum, en hún hefur stundað æfingar með hópnum síðustu ár. Útiæfingarnar voru færðar frá Hamraskóla og yfir í Sundlaug Grafarvogs í Dalhúsum og parketsalurinn í íþróttamiðstöðinni á 2. hæð notaður fyrir inniæfingar eftir hlaup. Fimmtudagsæfingarnar voru í höndum stjórnarmeðlima hlaupahópsins, þeirra Gauts Þorsteinssonar og Magnúsar Þórs Jónssonar. Æfingaplan fyrir inniæfingarnar í höllinni kom frá Erlu. Fastir meðlimir hópsins voru á 4. tug. Sú nýbreytni varð í febrúar að boðið var í fyrsta sinn upp á byrjendanámskeið í hlaupahópnum. Ingólfur Björn Sigurðsson dyggur meðlimur í hlaupahópnum til margra ára tók að sér að stýra hópi byrjenda í 6 vikna námskeiði, tvisvar í viku. Á þetta fyrsta námskeið voru 13 iðkendur skráðir. Byrjendanámskeiðið var endurtekið í maí en þá varð algjör sprenging þar sem 35 nýir iðkendur skráðu sig. Til að geta annað þessum stóra hópi nýliða var Ingvar Hjartarson ráðinn tímabundið með Ingólfi Birni. Sama fyrirkomulag var haft á haustbyrjendanámskeiði en þar voru 22 nýliðar skráðir. Sumarstarfið var með nokkuð hefðbundnum hætti. Allar æfingar voru farnar frá Dalhúsum nema ef farið var í Heiðmörkina, í Mosfellsbæ eða hlaupið á fjöll á fimmtudögum. Hlaupahópurinn stóð brautarvörslu fyrir Frjálsíþróttadeildina í Fjölnishlaupinu í maí



og í Miðnæturhlaupi Suzuki í júní. Ferðanefnd hlaupahópsins skipulagði skemmtilega fjallgönguferð 4. júní á Eyjafjallajökul sem var fjölsótt og ákaflega vel heppnuð. Yfir sumartím-ann var tekið þátt í ýmsum hlaupaviðburðum, þ.á.m. Snæfellsjökulhlaupið, 8 hlupu Lauga-veginn og að vanda fjölmennti hlaupahópur-inn í Reykjavíkumaraþonið. Auk þess hljóp talsverður fjöldi úr hópnum heilt maraþon á erlendri grundu á árinu og sumir létu sér ekki nægja eitt maraþon. Í sumarlok óskaði Helga Guðný eftir lausn frá þjálfarastörfum eftir ákaflega vel heppnað tímabil. Auglýst var eftir nýjum þjálfara og var Óskar Jakobsson fyrrum þjálfari Valshópsins ráðinn til starfa. Við þær breytingar færðust æfingar frá Íþróttamiðstöð-inni í Grafarvogi og yfir í Foldaskóla, auk þess sem hann sér um fimmtudagsæfingarnar í Frjálsíþróttahöllinni. Meðal nýjunga sem hann hefur boðið upp á er þrekhringur og boltaleikir á eftir hlaup auk þess sem farið hefur verið á



gönguskíði, en Óskar er þaulreyndur göngu-skíðamaður. Í nóvember var Áslákshlaupið haldið með hefðbundnu sniði af körlum hlaupahópsins. Metþátttaka var og innvígsla nýrra félaga í algjöru hámarki, en það hefur sýnt sig að byrjendanámskeiðin hafa verið að skila mikilli nýliðun í hópinn. Árið var kvatt að vanda í Gamlárshlaupinu og skálað í tilefni af því í boði Arkís eftir hlaup. Má því segja að starf hlaupahópsins hefur verið líflegt á árinu með mörgum skemmtilegum upptökum. En mikilvægust er þó hin ríka samkennd sem alltaf hefur fylgt hópnum og gerir hann að einni stórríkjaskýldu.

Stjórn hlaupahópsins.

F.h. stjórnar, Unnur Sigurðardóttir formaður





Handknattleiksdeild

SKÝRSLA STJÓRNAR

**AÐALFUNDUR HANDKNATTLEIKSDEILDAR VAR
HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 7 FEBRÚAR 2017.**

A síðasta aðalfundi voru kosin í stjórn handknattleiksdeildar þau: Aðalsteinn Snorrason formaður Sveinn Ingvarsson sem var fulltrúi í aðalstjórn Karlotta Ósk Óskarsdóttir gjaldkeri Hjalti Erdmann Sveinsson formaður mfl. ráðs kvenna Páll Eyvindsson meðstjórnandi Hans Liljendal Karlsson fyrir BUR Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir ritari Rúnar Tómasson formaður mfl. ráðs karla

Alls hafa verið haldnir 12 bókaðir fundir á árinu auk annarra funda.

Rekstur deildarinnar og öflun styrkja.

Mikilvægasta viðfangsefni deildarinn er að byggja betur undir rekstur hennar. Erfiðlega hefur gengið að fjölga í yngri flokkum þar sem sameina hefur þurft árganga vegna húsnæðissskorts og virðist það hafa orðið til þess að nokkur hópur iðkenda hefur misst áhugann og hætt. Eins er öflun styrkja þolinmæðisvinna

sem ekki verður gjörbreytt í einni svipan nema til komi bættar og betri aðstæður sem aukið gætu áhuga og ásýnd deildarinnar. Gert var átak í að reyna að ná inn stærri styrktaraðilum og m.a. rætt við Arion banka en slíkar viðræður skiluðu engu og geta ekki skilað neinu nema með aðkomu framkvæmdastjóra félagsins. Engu að síður hafa náðst inn nokkrir aðilar með lægri upphæðir en betur má ef duga skal.

Jafnframt hefur stjórn kannað þann möguleika að halda utanhúss handboltamót að vori til og er undirbúningur hafinn fyrir þá vinnu. Stefnt er að því að fyrsta mót verði haldið vorið 2018 en ef deildinni tekst að vinna því sess gæti það orðið ein af aðaltekjulindum deildarinnar. Horft er til þess að meistaraflokkar karla og kvenna vinni við mótið ss. dómgæslu og önnur mannfrek störf en með því móti er hægt að manna verkefnið og styðja vel undir starfsemi meistaraflokka. Rekstur deildarinnar var nokkuð frá því sem áætlun stjórnar gerði ráð fyrir. Finna má rekstraráætlun ársins 2016 aftast í skýrslu stjórnar.

Gerð hefur verið rekstraráætlun fyrir árið 2017 en þar er reiknað að það takist að fjölga

Handknattleiksdeild Fjölнис ársreikningur fyrir árið 2016

Yngri flokkar

Rekstrartekjur	23.112.210
Rekstrargjöld	23.988.409
Rekstarniðurstaða	- 876.199

MFL karla

Rekstrartekjur	6.165.523
Rekstrargjöld	8.396.454
Rekstarniðurstaða	- 2.230.931

MFL kvenna

Rekstrartekjur	5.278.251
Rekstrargjöld	5.782.981
Rekstarniðurstaða	- 504.730


HDF

Rekstrartekjur	34.555.984
Rekstrargjöld	38.167.844
Rekstarniðurstaða	- 3.611.860

iðkendum yngri flokka auk þess er talið mögulegt að það náist að afla meiri styrkja en áður og telja má líklegt að vera deild hinna bestu muni auka áhuga styrktaraðila á að taka þátt í uppbyggingu deildarinnar.

Húsnæðismál

Mikil barátta fyrir nýju æfingahúsi skilað loks árangri um áramótin síðustu. Í byrjun árs var athöfn í anddyri Egilshallar þar sem samningar voru undirritaðir og mun húsið rúma tvo handboltavelli í fullri stærð. Er húsinu ætlað að verða risum um áramótin 2017 / 2018. Hausmisserið einkenndist mikið af umræðu um þau vandræði sem handknattleiksdeildin er í varðandi húsnæðisskort og kann að vera að sú mikla umræða hafi ef til latt iðkendur til að velja sér handboltann sem sína grein. Hvað sem öðru líður verður hægt að snúa þeirri umræðu við með haustinu þegar hyllir undir hið nýja hús og öllum má ljóst vera að vandræði deildarinnar hvað það varðar heyrna brátt sögunni til. Verður því fólki seint fullþakkað sem lögðu allt sitt undir til að ná fram þessum



samningi um þessa bættu aðstöðu því án hennar væri framtíð deildarinnar ákaflega takmörkuð.

Yngri flokkar

Mikill kraftur hefur verið í öllu starfi yngri flokka og má þakka það þjálfurum og þeim framúrskarandi iðkendum sem við deildina æfa. Yfirþjálfari er sem fyrr Sveinn Þorgeirsson og sífellt fjölgar þeim þjálfurum sem eiga sínar rætur í yngri flokka starf félagsins. 4. flokkur karla landaði bæði Íslandsmeistaratitli og bikarmeistara. Þetta er fyrsti Íslandsmeist-



Handknattleiksdeild Fjölnis rekstraráætlun fyrir árið 2017

Yngri flokkar

Rekstrartekjur 25.908.000

Rekstrargjöld 25.620.000

Rekstarniðurstaða 288.000

MFL karla

Rekstrartekjur 9.000.000

Rekstrargjöld 8.689.000

Rekstarniðurstaða 311.000

MFL kvenna

Rekstrartekjur 6.552.000

Rekstrargjöld 6.386.400

Rekstarniðurstaða 165.600

HDF

Rekstrartekjur 41.460.000

Rekstrargjöld 40.695.400

Rekstarniðurstaða 764.600

aratitill í karla flokki en áður höfðu stelpurnar okkar landar Íslandsmeistaratitli árið 2014.

Úrslitaleikir yngri flokka fóru fram í Dalhúsum og því fögnuðu leikmenn 4. Karla titlinum á sínum heimavelli í vor.

Landsliðsverkefni.

Fjölnir hefur átt marga glæsilega fulltrúa í yngri landsliðum undanfarin ár og á því varð engin breyting á þessu ári.

A landslið karla
Gunnar Steinn Jónsson





U-21 árs landslið karla
 Kristján Örn Kristjánsson
 Sveinn Jóhannsson
 U-19 ára landslið karla
 Aðalsteinn Örn Aðalsteinsson
 Sveinn Jóhannsson
 U-17 ára landslið karla
 Arnar Máni Rúnarsson
 Daníel Freyr Rúnarsson
 Hafsteinn Óli Ramos Rocha

Goði Ingvar Sveinsson
 Jón Bald Freysson
 U-19 ára landslið kvenna
 Andrea Jacobsen
 Berglind Benediktsdóttir
 Kristín Lís Friðriksdóttir
 Ólöf Ásta Arnþórsdóttir
 Ylfa Dögg Ástþórsdóttir
 U-17 ára landslið kvenna
 Sara Dögg Hjaltadóttir



Sara Sif Helgadóttir
Þyri Erla Sigurðardóttir
U-15 ára landslið kvenna
Guðbjörg Inga Helgadóttir
Hanna Hrund Sigurðardóttir

Meistaraflokkur kvenna.

Meistaraflokkur kvenna lék í Olísdeildinni á síðasta ári en þá var leikið í einni deild. Þetta unga lið Fjölnis kom nokkuð á óvart og endaði í 10. sæti sem sem dugði ekki til að ná handa sæti sínu í deildinni en nú er leikið í 8 liða Olísdeild og 8 liða fyrstu deild þar sem stelpurnar deila nú toppsætinu með tveimur öðrum liðum með 21 stig eftir 14 leiki. Liðið er eitt þeirra sem

1. deild kvenna

##	SÆTI	FÉLAG	LEIKIR	S	J	T	MÖRK	NETT	STIG
1	Fjölnir		14	10	1	3	386	59	21
2	KAVÞór		14	10	1	3	393	56	21
3	HK		14	10	1	3	347	43	21
4	FH		14	8	2	4	323	23	18
5	ÍR		14	8	1	5	358	22	17
6	Afturelding		14	4	0	10	307	-39	8
7	Vikingur		14	3	0	11	342	-41	6
8	Valur U		14	0	0	14	272	-123	0

1. deild karla

##	SÆTI	FÉLAG	LEIKIR	S	J	T	MÖRK	NETT	STIG
1	Fjölnir		15	15	0	0	495	132	30
2	KR		15	11	1	3	420	54	23
3	Vikingur		15	10	0	5	386	24	20
4	HK		14	9	1	4	349	34	19
5	ÍR		15	8	3	4	426	50	19
6	Þróttur		15	7	3	5	386	28	17
7	Valur U		15	5	3	7	392	-13	13
8	Stjarnan U		16	5	3	8	414	-55	13
9	Akureyri U		15	5	1	9	350	-52	11
10	ÍBV U		17	4	0	13	406	-57	8
11	Hamrarnir		16	3	0	13	402	-67	6
12	Milan		14	1	1	12	341	-78	3

Handknattleiksdeild Fjölnis rekstraráætlun fyrir árið 2016**Yngri flokkar**

Rekstrartekjur	28.404.000
Rekstrargjöld	28.308.000
Rekstarniðurstaða	96.000

MFL karla

Rekstrartekjur	8.412.000
Rekstrargjöld	5.822.400
Rekstarniðurstaða	2.589.600

MFL kvenna

Rekstrartekjur	5.646.000
Rekstrargjöld	5.510.400
Rekstarniðurstaða	135.600

HDF

Rekstrartekjur	42.462.000
Rekstrargjöld	39.640.800
Rekstarniðurstaða	2.821.200

er líklegt til að ná Olísdeildarsæti á næsta ári. Efst liðið fer beint upp en önnur fjögur lið fara í umspil um annað laust sæti í deildinni. Andrés Gunnlaugsson er þjálfari liðsins ásamt Jóni Brynjari Björnssyni.

Meistaraflokkur karla.

Meistaraflokkur karla komst í umspil annað árið í röð en var hársbreidd frá því að komast upp. Núna var það lið Selfoss sem hafði betur að loknum fimm leikjum en. Fjölnir komst í 2-0 í einvíginu en Selfoss liðið sigraði þriðja leik í Dalhúsunum á lokasekúndum leiksins. Einvígið endaði í oddaleik í Dalhúsunum fyrir troð fullu húsi en þar hafði Selfoss betur og fagnaði Olísdeildarsætinu. Liðið hefur átt frá-bært tímabil þetta árið og haft algebra yfirburði í 1. deildinni og er með fullt hús stiga þegar 15 umferðum er lokið með 30 stig. S. Arnar Gunnarsson er þjálfari karlaliðsins og honum til aðstoðar er Sigfús Páll Sigfússon.







Karatedeild

SKÝRSLA STJÓRNAR

AÐALFUNDUR KARATEDEILDAR VAR HALDINN MÁNUDAGINN 6 FEBRÚAR 2017.

Iðkenda fjöldi í upphafi árs var 117 sam- anborið við 165 í upphafi árs 2015 svo sjá má að töluvert hefur fækkað. Þátttaka var nokkuð góð á mótum og eignaðist Fjölnir íslandsmeistara í kata og kumite á árinu.

5 iðkendur ásamt foreldrum og þjálfara fóru til Malmö og tók þátt í Swedes Open í mars, Einn keppandi tók þátt í Budo Nord Karate Open í Kristianstad í Svíþjóð í september og lenti þar í 2.sæti í sterkum hópi í kata cadet karla. Hópur iðkenda lögðu leið sína til Skotlands í október og tóku þar þátt í æfingabúðum og móti. Gaman er frá því að segja að foreldrar sem eru iðkendur hjá okkur og voru þarna með börnin sín skelltu sér í æfingabúðirnar. Okkar fólk stóð sig frábærlega og unnu til fjölda verðlauna.

Sensai Steven Morris kom til okkar í enda febrúar og voru bæði æfingabúðir og mót. Paul Lapsey kom með honum annað árið í röð og með þeim í för voru einnig nokkrir skoskir keppendur. Steven var með beltapróf og gráðaði hann 9 svartbeltara en í heildina fóru 15 í próf hjá honum.

Vorsýning var haldin í maí og gekk hún vel. Iðkendur sýndu æfingar og eldri nemendur sýndu atriði í kumite sem Patti hafði veg og vanda af. Þar verðlaunuðum við iðkendur fyrir góða ástundun og buðum svo í pizzupartý á eftir. Foreldraæfingar voru á sínum stað um veturinn og eru þær alltaf jafnvinsælar. Mest kom þó á óvart að mesti fjöldinn var hjá unglingahópnum okkar. Beltapróf voru haldin í lok hverrar annar og er prófað þrisvar sinnum á ári.

Samkvæmt tölum Karatesambandi Íslands er Fjölnir nú fimmta stærsta karatedeild landsins.

Þjálfun

Willem Cornelis Verheul var yfirþjálfari deildarinnar sem fyrr. Þjálfun á árinu 2016 var í höndum þeirra Willems, Snæbjarnar, Pathip-an, Magnúsar, Kristjáns Arnar, Drengs Arnar Alexanders Vidal, Sigríðar Þórdísar. Aðstoðarþjálfarar eru sem áður, Viktor Steinn Sig- hvatsson, Óttar Finsson og Mikael Máni Vidal. Haustið 2016 bættust svo Baldur Sverrisson og Páll Haraldsson í hópinn sem aðstoðarþjálf- arar.

Þjálfararnir okkar sóttu skyndihjálparnám-





skeið á árinu og mættu í það:

Willem, Snæbjör, Magnús, Sigríður, Viktor og Óttar.

Sigríður Þórdís Pétursdóttir og Mikael Máni Vidal sóttu þjálfaranámskeið ÍSÍ og stöðust það, Var þetta fjarnám yfir sumarið.

Stjórn

Á aðalfundi félagsins þann 18. febrúar 2016 gáfu þau Willem, Valborg, María, Sighvatur, Líney Björg, Sigríður, Sif, Kristján og Guðlaug kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og hlutu kosningu. Stjórnin skipti með sér verkum, María sinnti formennskunni, Líney og Guðlaug sá um gjaldkerastarfið, Valborg tók að sér starf ritara og aðrir sátu sem meðstjórnendur. Þegar leið á árið sagði Guðlaug sig frá stjórnarsetu, og svo um haustið sagði Sighvatur sig úr stjórn við Þökkum þeim kærlega fyrir vel unnin störf í þágu deildarinnar. En þau vorum bæði búinn að sitja um nokkur ára skeið í stjórn deildarinnar.

Íslandsmeistaratitillar, landslið og viðurkenningar

Viktor Steinn Sighvatsson varð Íslandsmeistari í kata piltar, 15 ára.

Sunna Rut Guðlaugardóttir varð Íslandsmeistara í kumite stúlkna 12 ára.

Við áttum fulltrúa í kata landsliðinu og fór Viktor Steinn Sighvatsson með liðinu til Stockholms í æfingabúðir og á mót. Og á Norðurlandameistaramótið í karate sem haldið var í Álaborg í apríl.

Þá varð Viktor Steinn Sighvatsson RIG meistari í kata cadet karla í janúar 2016.

Afreksmaður karate deildar Fjölnis á árinu 2016 var Viktor Steinn Sighvatsson en þetta er fimmta árið í röð sem Viktor Steinn er útnefndur afreksmaður deildarinnar.

Afreksæfingar

Afreksæfingar voru áfram 3x í viku. Smá breytt fyrirkomulag var á þeim: á mánudögum var lögð áhersla á kata, miðvikudögum kumite og voru þá bara eldri iðkendur og á föstudögum var kumite fyrir yngri meðan þau eldri lyftu lóðum og styrktu sig. Einig var Patti duglegur að kalla saman á kumiteæfingar á sunnudögum. Afreksæfingarnar eru hugsáðar sem keppnisæfingar og er því ætlast til að þeir iðkendur sem valdir eru til að taka þátt í þeim æfingum keppi fyrir hönd félagsins. Afreksæfingar eru nú sameiginlegar með UMFA í Egilshöll.

Svartbeltarar

Níu iðkendur fóru í svartbeltagráðun og náðu þau öll tilætluðum árangri:

Sigríður Þórdís Pétursdóttir:	2.Dan sr
Alexander Leonard Vidal:	1.Dan sr
Thorsten Alexander Roloff:	1.Dan sr
Viktor Steinn Sighvatsson:	2.Dan jr
Óttar Finnsson:	2.Dan jr
Páll Haraldsson:	1.Dan jr
Atli Thor Valdimarsson:	Shodan-Ho sr
Baldur Sverrisson:	Shodan-Ho jr
Jakob Hermansson:	Shodan-Ho jr

Willem yfirþjálfari fór svo til Skotlands í mai til Stevens og Tommi Morrisson og tók þar 3dan.

Stjórnin óskar honum til hamingu með áfangann.

Ýmsar upptakomur

Boðið var uppá æfingar yfir sumartímann og voru þær vel sóttar. Ekkert gjald var tekið fyrir sumaræfingar.

Samskipti, myndir og fleira

Facebook síða deildarinnar er mikið notuð og koma þar fram allar upplýsingar. Einnig er þar deilt myndum af mótum. Eins er sér facebook síða fyrir afrekshópin. Fjölpostur er enn sendur út í tölvupósti og dreifibréf send með iðkendum heim.

Styrktaraðilar

Við erum svo lánsöm að hafa okkar styrktaraðila og viljum við koma á framfæri þökkum til þeirra fyrir stuðninginn á árinu.

Mót, þátttaka og árangur

Góður hópur iðkenda tók þátt í mótum á árinu. Við fórum t.d. með stóran hóp á 1. bikar og bushidomótið sem haldið var í Vestmannaeyjum. Karatedeildin stendur straum af mótageöldum keppenda, nema þegar um innanfélagsmót er að ræða.

Í lok árs kláruðum við endurnýjun á gæðahandbókinni okkar og höldum því áfram að vera fyrirmyndarfélag. Nú þarf bara að finna góða dagsetningu til að taka við viðurkenningunni aftur. Stungið hefur verið upp á vorsýningunni okkar sem fyrirhuguð er í maí 2017

Listi yfir þau mót sem iðkendir Fjölnis tóku

þátt í og árangur í mótunum er í fylgiskjali 1 með skýrslunni.

Stjórnin þakkar þjálfurum, iðkendum og forráðamönnum þeirra fyrir samstarfið á árinu. Sérstakar þakkir fær yfirþjálfari deildarinnar sem hefur veg og vanda af öllu er snýr að faglegu starfi deildarinnar.

Reykjavík, 6. febrúar 2017

F.h. stjórnar karatedeildar Fjölnis

María Steingerður Jensen Baldursdóttir, formaður





Knattspyrnudeild

SKÝRSLA STJÓRNAR

ÆDALFUNDUR KNATTSPYRNUDEILDAR VAR

HALDINN Í EGILSHÖLL FIMMTUDAGINN 9 FEBRÚAR 2017.

ÁRIÐ 2016 HJÁ KNATTSPYRNUDEILDinni

Í HNOTSKURN

- Meistaraflokkur karla náði besta árangri sínum í efstu deild. Endaði í 4. sæti 1 stigi frá sæti í Evrópukeppni.
- Viðar Ari í A-landsliðið.
- Meistaraflokkur kvenna átti krefjandi ár og spilar í 2. deild á komandi sumri.
- Yngri flokka starfið gengur áfram vel.
- Yfirþjálfari í fullu starfi og afreksþjálfun hrundið af stað.
- Stúkumálin áfram í umræðunni. Eru í biðstöðu vegna málaferla Reykjavíkurborgar við ættingja arkitektsins.
- Nýtt nafn á völinn – Extra völlurinn.
- Rekstur deildarinnar rekinn með hagnaði í krefjandi rekstrarumhverfi.
- Tekjur af samstöðubótum reynast áfram mikilvægar.
- Rekstur BUR í góðu jafnvægi- auknar tekjur af æfingagjöldum og styrkjum vegna góðs árangurs meistaraflokks karla.
- Deildin áfram skuldlaus og verður það

áfram í lok árs 2017.

- Enn til staðar varasjóður vegna tekna af samstöðubótum og sölu leikmanna
- Nauðsynlegt að afla nýrra tekjustofna því ekki hægt að treysta á varasjóðinn mikið lengur - en það eru tækifæri til að ná betri árangri í þessum málum.
- Vonumst auðvitað til að geta selt fleiri leikmenn erlendis á næstu árum

Barna- og unglíngastarfið

- Reksturinn áfram í góðu jafnvægi og skuldlaus
- Tekjur af æfingagjöldum, styrk frá KSÍ (sem fer hækkandi), og mótahaldi standa að langmestu leyti undir kostnaði.
- Starfið einkennist áfram af miklum krafti og góðum árangri
- Fjölmargir leikmenn valdir á úrtaksæfingar hjá KSÍ, bæði hjá strákum og stelpum.
- Öflug stjórn BUR sem þarf að stækka.
- Áhersla á að allir iðkendur fái verkefni við sitt hæfi.
- Áfram unnið markvisst í að auka iðkenda-fjölda í yngstu flokkum kvenna með góðum árangri.
- Aukin áhersla á afreksstarf sem þróast mun



enn frekar á næstu árum.

- Gott teymi þjálfara.
- Yfirþjálfari ráðinn í fullt starf á árinu.
- Fjöldi reynslumikilla þjálfara með góða menntun og mikinn metnað mynda frábært teymi.
- Fjölgun móta á okkar vegum
- Fruit-Shoot og Jólamót Fjölnis farin að festa sig í sessi sem öflug mót.
- Nýtt mót haldið í Dalhúsum í ágúst sem gekk mjög vel og er komið til að vera.
- Erum að skoða frekari hugmyndir að meira mótahaldi.
- Öll mót unnin í samráði við stjórn KND/BUR og skila deildinni tekjum.

Meistaraflokkur kvenna

- Nýr þjálfari tók við liðinu, Gunnar Már Guðmundsson, „herra Fjölnir“.
- Tímabilið gekk ágætlega en vegna breytinga á fyrirkomulagi kvennafótboltans á Íslandi var liðið í þeirri einkennilegu stöðu að fyrir lokaumferðina gat liðið komist í umspil um sæti í úrvalsdeild eða fallið í 2. deild. Því miður varð raunin sú að liðið féll.
- Nýr aðstoðarþjálfari ráðinn í lok tímabils, Gunnar Valur Gunnarsson.
- Þetta þýðir að tveir leikreyndustu leikmenn meistaraflokks karla hjá Fjölni, sjá nú um uppbyggingu kvennaliðsins.
- Mikill metnaður hjá stelpunum, þjálfara-teyminu og meistaraflokksráði kvenna að byggja upp öflugt lið sem verður farið að spila í úrvalsdeild innan 3ja ári.
- Höfum fengið mikinn liðstyrk í þeim Írisi Ósk Valmundardóttur og Berglindi Magnús-

dóttur. Samtals hafa þær spilað hátt í 300 meistaraflokksleiki.

- Þessir öflugur leikmenn munu styðja vel við þeir ungu og efnilegu stelpur hjá Fjölni sem eru að stíga sín fyrstu spor í meistaraflokki. Framtíðin er björt hjá okkur.
- Þessi liðsstykur endurspeglar þann metnað sem er hjá okkur í Fjölni að eiga meistaraflokka í fremstu röð, bæði hjá stelpum og strákuum.

Meistaraflokkur karla

- Besti árangur í efstu deild, 4. sæti og einu stig frá sæti í Evrópukeppni.
- Næst flest mörk skoruð og besta markahlutfall í Pepsi-deildinni 2016.
- Liðið samanstóð af góðri blöndu uppaldra Fjölnisstráka og „aðkomumanna“. Við vorum með næst yngsta liðið í deildinni þar sem meðalaldur þeir ellefu sem byrjuðu oftast var innan við 25 ár.
- Stefnum að því að bæta okkar besta árangur, 3. árið í röð – það þýðir við stefnum til Evrópu.
- Góður og vel samstilltur leikmannahópur á síðasta tímabili. Stefnum að því sama í ár.
- Stór hluti leikmannahópsins uppaldir Fjölnismenn.
- 2 valdir í U21 árs liðið í fyrra sem var hársbreidd frá því að komast í úrslit á EM.
- Viðar Ari í A-landsliðið og valinn íþróttamaður Fjölnis.
- Eigum núna 4 stráka í U21 úrtaki og 4 í U19 úrtaki sem allir eru hluti af æfingahópnum í vetur.
- Öflugt þjálfara- og liðsstjórareymi.

- Nýr aðstoðarþjálfari ráðinn. Guðmundur Steinarsson í stað Ólafs Páls Snorrasonar.
- Meistaraflokksráðið hefur styrkst með aðkomu fleiri en áður.
- Aðsókn og áhugi Grafarvogsbúa á liðinu fór vaxandi í sumar og lofar góðu fyrir framtíðina
- Áfram reynt að leita leiða til að auka tekjur.
- Erum talsverðir eftirbátar flestar annara liða í tekjuöflun.
- Árangur ársins eru skilaboð um hvar Fjölnisliðið vill og ætlar sér að vera.

Helstu verkefni ársins 2017

- Barna og unglíngastarfið
- Viðhalda gæðum í þjálfun og allri umgjörð.
- Efla áfram eftirlit með innheimtu æfingargjalda.
- Festa áfram í sessi og fjölga yngri flokka mót á vegum Fjölnis.
- Halda áfram að fjölga stelpum hjá Fjölnir, þar liggur enn stærsta sóknartækifærið.
- Halda áfram að stuðla að heilbrigðu lífferni ungs fólks, vinna gegn notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna og um leið stuðla að betri lýðheilsu.
- Efla afreksstarfið sem er lykill að frekari árangri meistaraflokka félagsins og stuðlar að því að við eignumst fleiri atvinnumenn sem er grunnur að því að fjármagna félagið.
- Meistaraflokkur kvenna
- Stefna sett á komast upp í 1. deild og þaðan beint upp í úrvalsdeild að ári.
- Styrkja áfram innviði. Erum komin með eigin 3. flokk sem er skref fram á við.
- Erum búin að styrkja okkar unga og efnilega



lið með reynsluboltum, sem eru nauðsynlegir til að færa meiri ró og sjálfstraust inn í liðið.

- Umgjörð okkar um leiki meistaraflokks kvenna er með því besta sem gerist kvemboltanum en eins og öll önnur lið þá þarf að stór auka aðsóknina á völinn.
- „Stelpurnar heim“. Eigum fullt af stelpum sem eru að spila annars staðar og með betri



árangri og sterkara liði aukast líkurnar á því að við fáum stelpurnar okkar heim.

- Fjölga styrktaraðilum og leita nýrra tekjustofna.
- Bindum vonir við nýtt meistaraflokksráð kvenna, þar sem að sjálfsögðu er pláss fyrir nýja krafta. Kolbeinn Kristinsson hefur tekið við stjórninni og er strax farinn að láta verkin tala.

Meistaraflokkur karla

- Fylgja eftir frábærum árangri síðasta árs.
- Umtalsverðar breytingar á leikmannahópnum enn á ný sem kalla á krefjandi vinnu fyrir þjálfara og leikmenn auk þess sem það stefnir í að við verðum áfram með nokkra erlenda leikmenn í hópnum í sumar
- Þetta þýðir samt ekki að ungir uppaldir Fjölnismenn fá ekki tækifæri. Við gerum ráð fyrir því yngstu leikmennirnir komi enn sterkari inn í liðið nú en í fyrra.
- Halda áfram að auka aðsókn á völinn og fjölga í stuðningsmannaklúbbum.
- Halda áfram að fjölga öflugum styrktaraðilum og leita nýrra tekjustofna.

Starfið almennt

- Halda áfram að stækka hópinn sem kemur að starfinu á öllum sviðum.
- Allir velkomnir í stjórn sem hafa áhuga.
- Efla félags- og keppnisaðstöðu (Dalhús – stúka -> Egilshöll félagsaðstaða).

Árni Hermannsson, formaður



32 verslanir um land allt

Reykjavík
Kópavogur
Garðabær

Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Mosfellsbær

Akranes
Borgarnes
Stykkishólmur

Ísafjörður
Akureyri
Egilsstaðir

Selfoss
Hveragerði
Vestmannaeyjar

BONUS

**EKKERT
BRUÐL**

**OPIÐ
ALLA DAGA**

Mánud-fimmtud	11:00 - 18:30
Föstudaga	10:00 - 19:30
Laugardaga	10:00 - 18:00
Sunnudaga	12:00 - 18:00



Körfuknattleiksdeild

SKÝRSLA STJÓRNAR

ÆDALFUNDUR KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR VAR HALDINN Í EGILSHÖLL MÁNUDAGINN 6 FEBRÚAR 2017.

Tímabilið 2016 – 2017 fór vel af stað í starfi körfuknattleiksdeildar Fjölnis. Fjöldi iðkenda í yngri flokkum helst í nokkru jafnvægi hvað fjölda varðar. Stjórn KKD Fjölnis hefði viljað sjá meiri aukningu í fjölda iðkenda en eru ýmsir þættir sem liggja að baki sem valda því að fjölgun hefur ekki náðst en má þar nefna erfiða stöðu í nýtingu á Íþróttahúsum í Grafarvogi sem takmarkar verulega svigrúm til þess að nýta góða æfingartíma fyrir mismunandi flokka. Nú liggur fyrir að risastórt skref hefur verið tekið í Grafarvoginum þegar borgarstjóri Reykjavíkur skrifaði undir samning um byggingu nýs boltahúss við Egilshöll sem mun hýsa innanhúss boltagreinarnar, körfubolta og handbolta. Byggingu hússins á að ljúka um áramótin 2017/2018 og gerum við ráð fyrir að aðstaðan hjá okkur gjörbreytist því í kjölfarið! Með því fæst meiri sveigjanleiki á niðurröðun æfinga og mögulega samspil á milli deildanna. Gríðarlegt framfararskref í ungmennafélagsstarfinu hér á ferð og augljóst er að með þessari viðbót á það að

reynast mögulegt að fjölga nokkuð iðkendum í greinunum hjá Fjölni. Þegar æfingatöflur eru settar saman þá þarf að stilla saman lausum tíma í húsnæði sem og að fá þjálfara til þjálfunar á sama tíma. Nokkuð erfiðlega reyndist að púsla saman tímum og finna þjálfara til að sinna flokkunum hjá okkur en eftir nokkra yfirlegu gekk heildardæmið upp.

Körfuknattleiksdeildin hefur að skipa verulega hæfileikaríkum þjálfurum sem hafa mikla reynslu við þjálfun. Stjórn deildarinnar er þjálfurum sínum afar þakklát fyrir starf þeirra í þágu iðkenda deildarinnar og allra sem standa að deildinni. Þjálfarastarfið er mikilvægasta starf deildarinnar því án þeirra hefðum við ekki iðkendur og án þeirra væri enginn körfubolti hjá deildinni.

Körfuknattleikssamband Íslands gerir kröfur um að allir þjálfarar sambandsins, og þar með talið allra aðildarfélaga, séu með þjálfaramenntun frá KKÍ ella sé þeim óheimilt að þjálfra körfuknattleik hjá aðildarfélögum KKÍ. Stjórn deildarinnar hefur undanfarin tvö ár upplýst þjálfara um auknar menntunarkröfur KKÍ og stutt fjárhagslega við þá þjálfara sem hafa sóst eftir aukinni þjálfaramenntun. Það er ljóst að fjölmargir flokkar í körfunni eru að



gera mjög góða hluti og stefna margir þeirra hátt í lok tímabilsins í Íslandsmótinu og er það von stjórnar að flokkunum gangi sem best og það væri frábært að ná Íslandsmeistaratitli í hús hjá yngri flokkum líkt og á síðasta tímabili en þegar þetta er skrifað er tímabilið rétt um það bil hálfnað og því of snemmt að skera úr um hvar við endum í yngri flokkunum. En ljóst er að virkilega gott starf er unnið á vettvangi barna og unglinga hjá Fjölni sem nauðsynlegt að fylgja áfram vel eftir með góðum þjálfurum, góðum æfingum og markvissri þjálfun.

Meistaraflokkur kvenna er í mikilli baráttu í 1. deildinni og hefur verið unnið í innviðum liðsins á undanförmum árum með það að markmiði að byggja upp sterkan kjarna sem getur tekið miklum framförum á næstu misserum. Lítið hefur verið um sigra hjá liðinu en framfarir hafa þó verið hjá hópnunum og færni liðsins hefur aukist. Það stefnir í að á næsta tímabili verði deildum fækkað niður í eina deild, úrvalsdeild, og því ljóst að verkefni næsta tímabils verða stærri og því verður nauðsynlegt að bæta enn frekar í liðið með það að marki að við færum okkur ofar í deildinni. Stjórninni hefur þótt mikilvægt að byggja liðið upp á sterkum Fjölnisleikmönnum en jafnframt hafa liðsmenn komið til liðsins annarsstaðar frá.

Meistaraflokkur karla er í toppbaráttu 1. deildar líkt á síðasta tímabili en nokkuð öruggt er að liðið mun taka þátt í úrslitakeppninni í vor þar sem barist verður um annað lausa sætið í úrvalsdeildinni. Það verður liðinu afar dýrmætt að fá góðan stuðning úr stúlkunni því að fá sjötta manninn inn á völinn í gegnum jákvæða og uppbyggilega stuðningsmenn er liðinu afar mikilvægt. Stuðningurinn skiptir mjög miklu máli!

Stjórnin hefur unnið að ýmsum verkefnum til hliðar við hefðbundið körfuboltastarf en í byrjun vetrar var bæklingur sendur á alla foreldra þar sem farið var yfir helstu atriði sem framundan voru svo sem hvaða mót yrðu yfir tímabilið, upplýsingar um greiðslu æfingagjalda, Sambíómótið og margt fleira. Stefnan er að halda þessari upplýsingagjöf áfram en í viðhorfskönnun sem var gerð á síðasta ári

komu fram óskir foreldra að slíkar upplýsingar lægju fyrir á aðgengilegan hátt.

Grunnskólamót Grafarvogs í körfubolta er mót sem deildin hefur nú staðið fyrir í fjögur ár. Mótið er hluti af markaðsátaki deildarinnar að hausti þar sem einblínt er á börn í 6. bekk grunnskólanna í Grafarvogi. Mótið gekk mjög vel en mikil ánægja er með mótið meðal íþróttakennara skólanna og barnanna í 6. bekk.

Til þess að geta haldið úti öflugum starfi barna og unglinga en ekki síður meistaraflokksstarfi þá er það deildinni nauðsynlegt að standa að ýmsum fjáröflunum. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir mikilvægi þess að halda úti öflugum barna- og unglíngastarfi en það er öllum liðum jafnframt mjög mikilvægt að halda úti öflugum meistaraflokksstarfi. Það er augljóst að deildin þarf að starfa sem ein mjög öflug heild í þessum efnunum þannig að mögulegt verði að stuðla að því að framúrskarandi íþróttafólk verði til fyrir íslensku þjóðina. Ungt og efnilegt íþróttafólk vill geta tekið þátt í meistaraflokksstarfi í sínu uppeldisfélagi og þannig á það að vera. KKD Fjöltnis verður að geta boðið upp á flott starf á öllu sviðinu og því er það deildinni í heild afskaplega mikilvægt að fjáraflanir gangi sem best til þess að auka veg og virðingu félagsins til framtíðar.

Sambíómót Fjöltnis er langstærsta fjáröflun deildarinnar og skiptir svo sannarlega sköpum fyrir fjárhag deildarinnar en ekki síður að geta boðið okkar iðkendum að taka þátt í einstaklega glæsilegu móti á heimavelli. Sambíómótið 2016 heppnaðist einstaklega vel og var þátttaka ein sú allra mesta. En til þess að svo

stórt mót geti lukkast vel þá þurfa fjölmargir sjálfbóðaliðar að koma að starfinu og er ljóst að foreldrar iðkenda hafa lyft Grettistaki í þessum efnunum á undanförunum árum sem hefur verið leitt áfram af öflugri nefnd sem skipuð er af stjórn deildarinnar. Virkilega vel að þessu staðið og eiga nefndarmenn sem og allir aðstandendur og iðkendur hrós skilið fyrir vel unnin störf!

Á komandi tímabili er ljóst að nokkur breyting verður á skipan stjórnar þar sem nokkrir stjórnarmenn hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér en sú staðreynd þýðir að stjórn deildarinnar þarf svo sannarlega á kröftum fleiri velunnurum deildarinnar sem eru tilbúnir til að leggja fram krafta í starfið. Allt stefnir í að meistaraflokkarnir séu á leið í úrvalsdeild en því fylgir jafnframt meiri vinna auk þess sem þarf að halda barna- og unglíngastarfinu áfram gangandi og af enn meiri krafti.

Að lokum viljum við þakka þeim fjölmörgu einstaklingum og velgjörðarmönnum sem hafa komið að starfi deildarinnar með einhverjum hætti en það eru auðvitað fyrst og fremst iðkendurnir sjálfir frá þeim yngstu til þeirra elstu eða frá toppi til táar, foreldrar og forráðamenn, leikmenn meistaraflokkanna, þjálfarar, starfsfólk Fjöltnis og stuðningsmenn Körfuknattleiksdeildar Fjöltnis, nær og fjær, sem eiga allan heiður skilið fyrir það starf sem unnið hefur verið í deildinni.

Áfram Fjöltnir!

Stjórn Körfuknattleiksdeildar Fjöltnis



Skákdeild

SKÝRSLA STJÓRNAR

ÆDALFUNDUR SKÁKDEILDAR VAR HALDINN Í RIMASKÓLA FIMMTUDAGINN 26 JANÚAR 2017.

Stjórn skákdeildar Fjölnis árið 2016 voru kjörin Helgi Árnason formaður, Erlingur Þorsteinsson varaformaður, Margrét Celaritari, Vignir Bjarnason gjaldkeri og Gunnlaugur Egilsson meðstjórmandi. Varamaður stjórnar var kjörinn Davíð Hallsson.

Skákdeildin hélt reglulega æfingar fyrir börn og unglina á miðvikudögum kl. 16.30 - 18:30 í janúar – maí og í september – desember. Æfingarnar voru skipulagðar með þeim hætti að leiðbeinendur tóku að sér litla hópa í skákþjálfun en umsjónarmaður sá um 5 - 6 umferða skákmót. Veitt voru 10 - 17 verðlaun og happadrættisvinningar fyrir frammistöðu á skákmótunum og undantekningarlaust var börnunum boðið upp á veitingar á miðri æfingu, ávexti, súkkulaðikex, brauðmeti og nóg af köldu vatni. Yngri þátttakendur og stúlkna-hópar skiptu æfingatímanum að hálfu í skákmót eða skákkenndu. Á hverja æfingu mættu 20 – 35 börn og unglingar og hefur þátttakan verið jöfn og góð allt frá stofnun skákdeildar árið 2004. Umsjón með skákæfingum Fjöln-

is árið 2016 hafði Helgi Árnason formaður skákdeildar sem hefur sinnt því verkefni allt frá stofnun deildarinnar. Að skákþjálfun komu Oliver Aron Jóhannesson, Jón Trausti Harðarson og Jóhann Arnar Finnsson með byrjendur og miðstig og Sigríður Björg Helgadóttir sem þjálfaði stúlknaflokk. Ágúst Ívar Árnason í 5. bekk Rimaskóla var kjörin æfingameistari vetrarins fyrir góða æfingasókn og frábæran árangur á skákmótum æfingatímabilsins. Sæmundur Árnason í 7. bekk Foldaskóla var kjörin afreksmaður skákdeildarinnar veturinn 2015 – 2016 fyrir að sýna miklar framfarir og tefla vel fyrir Foldaskóla og skákdeild Fjölnis.

Á fjölmennu Skákþingi Reykjavíkur sem lauk í lok janúar 2016 náði Dagur Ragnarsson 4. – 6. sæti sem er mjög góður árangur hjá 18 ára unglings. Hann var stigahæsti skákmaður Íslands í flokki skákmanna 20 ára og yngri lengst af á árinu 2016.

Á Íslandsmóti grunnskólasveita, stúlkna-flokki, landaði A sveit Rimaskóla 12 Íslands-meistaratitli sínum á 14 árum með öruggum sigri. Í sveitinni eru Nansý Davíðsdóttir, Valgerður Jóhannesdóttir, Ásdís Birna Þórarinsdóttir, Heiðrún Anna Hauksdóttir og Tinna Sif Aðalsteinsdóttir. Rimaskólastúlkurnar tefla





allar með skákdeild Fjölnis.

Íslandsmóti félagsliða í skák 2015 - 2016 lauk dagana 3. - 5. mars, þegar tefldar voru 6. - 9. umferðir mótsins. Teflt var í Rimaskóla líkt og í fyrri hlutanum.

A sveit Fjölnis sem tefldi í 1. deild náði verðlaunasæti með frábærum endaspretti og að sigra sína andstæðinga í öllum fjórum viðureignunum. A sveitin hlaut 45 vinninga í 3. sæti sem er glæsilegur árangur miðað við ungt lið. Í A - sveitinni tefldu Héðinn Steingrímsson, Davíð Kjartansson, Sigurbjörn Björnsson, Dagur Ragnarsson, Oliver Aron Jóhannesson, Jón Árni Halldórsson,

Jón Trausti Harðarson og Tómas Björnsson. Héðinn Steingrímsson stórmeistari tefldi á 1. borði og stóð sig frábærlega með 7 vinninga af 9 sem mælir stórmeistaraárangur upp á 2652 skákstig. Tómas Björnsson kom taplaus frá mótinu og hlaut 7,5 vinninga af 9 eða 83% vinninga. Fyrir Íslandsmótið gengu þeir Davíð Kjartansson og Sigurbjörn Björnsson til liðs við Fjölnismenn og þéttu þeir A sveit Fjölnis virkilega. Í fyrsta sinn var enginn útlendingur að tefla fyrir A sveit Fjölnis og árangurinn aldrei betri. B sveit Fjölnis sem var í 7. sæti 3. deildar eftir fyrri hlutann tók heldur betur við sér í þremur síðustu umferðunum og endaði í 2. sæti eftir lokaumferðina sem gaf annað af tveimur lausum sætum í 2. deild. Í fyrsta sinn sem B sveit Fjölnis nær svo langt eftir að hafa hoppað upp um tvær deildir á tveimur árum. B sveitin er að mestu skipuð afreksnemendum úr Rimaskóla, núverandi og fyrrverandi, Herði Aroni Haukssyni, Hrund Hauksdóttur, Sigríði Björgu Helgadóttur, Nansý Davíðsdóttur og Jóhanni Arnari Finnssyni sem náði jöfnu í lokaumferð 3. deildar, hálfá vinningnum sem þurfti til að komast upp. Þeir Erlingur Þorsteinsson og Vignir Bjarnason eru gömlu mennirnir í B sveitinni og fengu þeir báðir 87,5% vinninga. C sveitin lenti í 12. sæti 4. deildar og D sveitin í 16. sæti af 17 sveitum. Liðsmenn C og D sveita voru nær eingöngu nemendur á grunnskólaaldri sem fengu dýrmæta reynslu við lengri skákir.

Dagana 8. - 16. mars var 31. alþjóðlega Reykjavíkurskák mótið haldið í tónlistarhúsinu Hörpunni. Þátttakendur voru alls 233 skákmennt. Átta félagar frá skákdeild Fjölnis tefldu

á mótinu og náði Oliver Aron Jóhannesson bestum árangri þeirra líkt og árið 2015. Oliver hlaut 6 vinninga af 10 mögulegum og varð í 57. sæti. Aðrir þátttakendur Fjölnis á mótinu voru eftir árangursröð Dagur Ragnarsson, Jón Trausti Harðarson, Tómas Björnsson, Nansý Davíðsdóttir, Hörður Aron Hauksson, Jóhann Arnar Finnsson og Joshua Davíðsson.

Miðgarðsmótið í Grafarvogi var haldið tíunda árið í röð. Mótið er sveitakeppni, skákmót grunnskólanna í Grafarvogi sem Skákdeild Fjölnis heldur í samstarfi við Fjölskylduþjónustuna Miðgarð. Afar góð þátttaka var á mótinu því að tólf skáksveitir tefldu á mótinu, sex skákkrakkar í hverri sveit, alls 72 keppendur. A og B sveitir Rimaskólak kepptu til úrslita og fór svo að B sveitin vann örugglega. Í sigursveitinni eru efnilegir drengir í 5. bekk Rimaskóla. Þess má geta að sveitir Rimaskóla hafa unnið Miðgarðsmótið öll 10 árin. Skákstjórar voru þeir Helgi Árnason formaður skákdeildarinnar og Þorvaldur frá Miðgarði.

Á Íslandsmótinu í Áskorendaflokki 2016 varð Davíð Kjartansson Fjölni í 2. sæti á mótinu og tryggði sér með því þátttökurétt á Íslandsmótinu í landsliðsflokki 2016 síðar á árinu.

Skákdeild Fjölnis stóð fyrir Sturlubúðum, skákbúðum fyrir áhugasama skákkrakka í skákdeildinni. Þetta var í 5. skipti sem deildin stendur fyrir skákbúðaferð í tvo daga og yfir eina nótt. Að þessu sinni var siglt með Herjólfni til Vestmannaeyja þar sem skákbúðirnar nutu frábærrar aðstöðu í grunnskólanum fyrir skákkennslu og gistingu. Skákkennarar að þessu sinni voru þeir Hannes Hlífur Stefáns-

son stórmeistari og skákkennaramir Björn Ívar Karlsson og Stefán Bergsson frá Skákakademíu Reykjavíkur. Sturlubúðir bera nafn Sturlu Péturssonar skákfrömuðar á miðri síðustu öld en sonasonur hans og alnafni veitir verkefninu veglegan styrk til framkvæmdar. Dagskráin í Eyjum var stíf og skáktímarnir vel nýttir. Inn á milli voru frjálsir tímar sem krakkarnir nýttu sér við leik á skólalóðinni og til að rölta um bæinn og æfa sig í sprangi. Veitingastaðurinn Gott sá um að elda ofan í skákkrakkana og í lok dagskrár skelltu allir ferðalangar Fjölnis





sér í sundlauginu glæsilegu í Eyjum og léku sér saman í einum hóp í tvær klukkustundir. Skákbúðastjóri var Helgi formaður skákdeildar og naut hann aðstoðar fjögurra foreldra auk þess að vera í góðu samstarfi við Arnar Sigmundsson formann TV, Sigurlás Þorleifsson skólastjóra og Geir Jón Þórisson, góða Eyjamenn. Ferðin sem heppnaðist afskaplega vel var þátttakendum að mestu að kostnaðarlausu

Sumarskákmtót Fjölnis var haldið í tólfta skipti á sumardaginn fyrsta þann 21. apríl. Öðru sinni var sumarskákmtótið liður á Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2016 og

aðsóknin mjög góð, alls 52 grunnskólakrakkar. Mótið var haldið í lok hverfishátíðar í Grafarvogi. Rótarýklúbburinn Reykjavík-Grafarvogur gaf verðlaunabikara að vanda, boðið var upp á veitingar í skákhléi og tuttugu bíómiðar afhentir í verðlaun í mótslok. Mótið var jafnt og spennandi. Í lokin var það Bárður Örn Birkisson Smáraskóla sem stóð uppi sem sigurvegari annað árið í röð með 5,5 vinninga úr sex skákum. Joshua Davíðsson Rimaskóla vann yngri flokkinn og Batel G. Haile sigraði í stúlknaflokki. Þau þrjú hlutu glæsilega eignar-bikara og var það Rótarý-félaginn og skáká-hugamaðurinn Gylfi Magnússon sem afhenti verðlaunagripina. Tuttugu þátttakendur fengu í verðlaun bíómiða frá SAMbíóunum

Samhliða sumarskákmtótinu var í fyrsta sinn haldið peðaskákmtót Fjölnis og þar urðu efst og jöfn Emil Kári Jónsson, Jósef Ómarsson og Svandís María Gunnarsdóttir. Þau fengu í verðlaun flottustu húfurnar frá 66°N. Skákstjórar voru þeir Helgi Árnason formaður Skákdeildar Fjölnis og Stefán Bergsson frá Skákakademíu Reykjavíkur.

Skáksamband Íslands sendi fjórar stúlkur á Norðurlandamótið í skólaskák stúlkna 2016 sem fram fór í Noregi dagana 30. apríl – 3. maí. Fjölnisstúlkna Nansý Davíðsdóttir stóð sig frábærlega á mótinu og varð í 2. sæti í B flokki sem hún tefldi í fyrsta sinn. Nansý fór taplaus í gegnum mótið, vann þrjár skákir og gerði tvö jafntefli. Hún hækkaði um 22 stig fyrir þennan góða árangur. Nansý varð Norðurlandameistari stúlkna í C flokki þrjú ár í röð 2013 – 2015.

Dagur Ragnarsson Fjölni sigraði á Meistaramotoi Skákskóla Íslands 2016 með 5,5 vinn-

inga. Í 2. sæti varð Oliver Aron Jóhannesson félagi Dags í Fjölni með 5 vinninga. Þeir voru í sérflokkni á þessu móti því að næstu skákmennt fengu 3,5 vinninga. Meðal þeirra var Jón Trausti Harðarson Fjölni sem vann meistaramótið í fyrra eftir einvígi við féлага sinn Dag. Dagur mætti stuttu síðar á fjölmennt Mjóddarmót Hugins og sigraði þar líka með 6,5 vinninga af 7 mögulegum.

Skákdeild Fjölnis átti tvo af tólf keppendum á Íslandsmótiinu í skák í landsliðsflokkni, þá Héðinn Steingrímsson stórmeistara og Íslandsmeistara 2015 og Davíð Kjartansson sem vann sér inn sæti í landsliðsflokkni með því að ná 2. sæti í áskorendaflokkni fyrir á árinu. Íslandsmeistarinn var með í toppbaráttunni allt mótið og í 1. - 2. sæti fyrir lokaumferðina ásamt Jóhannai Hjartarsyni stórmeistara. Þar mátti Héðinn gera sér jafntefli að góðu á meðan að Jóhann vann sína skák í lokaumferð. Þessir tveir skákmeistarar voru í nokkrum sérflokkni á mótinu og Héðinn endaði í 2. sæti með 8 vinninga af 11 mögulegum. Davíð Kjartansson endaði í 9. sæti af 12 keppendum. Þess má geta að Héðinn náði bestum árangri fjögurra Íslendinga á EM einstaklinga í bænum Gjakova í Kósovó. Mótið var háð stuttu fyrir Íslandsmótið. Hann hlaut þar 6,5 vinninga.

Í júlí tóku „Rimaskólaljónin“ þeir Dagur Ragnarsson, Oliver Aron Jóhannesson og Jón Trausti Harðarson þátt í Opna tékkneska skákmótinu og stóðu sig allir ágætlega. Dagur og Oliver Aron tefldu í a flokkni en Jón Trausti í b flokkni. Jón Trausti var fram eftir mótinu í efsta sæti og endaði með rúmlega 20 stig í plús. Oliver gerði jafntefli við rússnenskan stórmeist-

ara og vann tékkneska stórmeistarann Jansa.

Skákdeild Fjölnis tók þátt í hraðskákkeppni félagsliða í ágúst. Fjölnismenn mættu þéttskipaðri skáksveit SA í 1. umferð annað árið í röð. Líkt og árið 2015 þá unnu norðanmenn viðureignina nokkuð örugglega 43 – 29. Sigurbjörn Björnsson stóð sig best Fjölnismanna líkt og árið áður með 7 vinninga af 12 mögulegum.

Ólympíuskákmótið 2016 var haldið í Bakú í ágúst og september. Hrund Hauksdóttir var fulltrúi Fjölnis í íslenska landsliðinu og tefldi í kvennaflokkni. Gengið var fram hjá Héðni Steingrímssyni við val á landsliði Íslands í opnum flokkni þrátt fyrir að hann væri með eina bestu frammistöðu íslensks skákmanns á árinu og einn af þremur stigahæstu skákmönnum landsins.

Davíð Kjartansson Fjölni tefldi mikið á haustmánuðum og tefldi vel. Hann sigraði örugglega á Meistaramóti Hugins sem haldið var í ágúst og september og endaði með 6,5 vinninga af 7. Félagi hans í Fjölni, Jón Trausti Harðarson varð í 3. sæti á mótinu með 5 vinninga.

Hinn 19 ára gamli Fjölnismaður Dagur Ragnarsson var líka í miklu stuði við skákborðið á haustmánuðum. Hann varð í 2. sæti á hinu sterka Haustmóti TR með 6,5 vinninga af 9 mögulegum. Í framhaldinu náði hann einnig 2. sæti á Hraðskákmóti TR.

Þeim félögum í Fjölni, Degi og Oliver Aroni var boðið að tefla á Uppsala young champions í nóvember og þar stóðu þeir sig virkilega vel. Dagur hélt forystu á mótinu allan tímann og sigraði glæsilega á afar sterka móti. Oliver Aron endaði í 5. Sæti eftir að hafa verið lengst



af í 3. sæti.

Hörður Aron Hauksson Fjölmi tefldi í B riðli haustmóts TR og lenti þar í 2. sæti.

Fimmta árið í röð bauð Skákdeild Fjölmi sínum efnilegustu og virkustu ungmennum til Svíþjóðar með styrk og stuðningi Skáksambands Íslands, Landsnets og Íslandsbanka. Líkt og árin 2012, 2013 og 2014 tók hópurinn þátt í Västerås Open, fjölmennasta alþjóðlega skákmóti Norðurlanda sem fram fór helgina 23. – 25. sept. Níu ungmenni á aldrinum 11 – 23 ára frá Skákdeild Fjölmi voru að tefla á mótinu en auk þeirra voru með í ferðinni Helgi Árnason formaður skákdeildar og Davíð Hallsson foreldri. Teflt var í tveimur flokkum, opnum flokk og flokki skákmanna undir 1600 stigum. Átta umferðir, fjórar atskákir og fjórar keppnisskákir. Í opna flokknum tefldu þau Dagur Ragnarsson, Oliver Aron Jóhannesson, Jón Trausti Harðarson, Dagur Andri Friðgeirsson, Hörður Aron Hauksson og Nansý Davíðsdóttir. Í undir 1600 tefldu þeir Kristófer Jól Jóhannesson, Kristján Dagur Jónsson og Joshua Davíðsson.

Bestum árangri náði Oliver Aron sem tefldi mjög vel og hlaut 6 vinninga af 8. Hann tapaði aðeins fyrir Jonathan Westenberg (2491) og ungstirminu norska Lars Oskar Hauge (2385) sem gerði sér lítið fyrir og sigraði á Västerås Open 2016. Oliver Aron varð einnig efstur allra í „rating 2“ stigaflokknum. Nansý nýtti sér vel það tækifæri að tefla upp fyrir sig í öllum umferðum og hækkaði um 63 stig án mikillar fyrirhafnar. Í flokki undir 1600 var það Kristján Dagur Jónsson sem nýtti sér stigahærri andstæðinga best, hlaut 4,5 vinninga og hækkaði um heil 69 skákstig. Íslenski hópurinn hlaut

41 vinning úr þeim 72 skákum sem þau tefldu. Boðsferðir Fjölmi eru ekki síst ætlaðar til að efla hópinn og stykja Fjölnisskák hjartað. Skákdeild Fjölmi naut aðstoðar André Nilsen mótstjóra við skipulagningu ferðarinnar. Gist var á hinu virðulega Stadshoteli í miðbæ Västerås, nokkurs konar Hótel Borg bæjarins.

Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga 2015 – 2016 fór fram í Rimaskóla dagna 29. sept. – 2. okt. Skákdeild Fjölmi sendi fjórar sveitir til keppni. A – sveitin er í 3. sæti eftir fimm umferðir af níu á eftir „stórveldunum“ Hugin og TR. Fjölnismenn eru með 22 vinninga, vinningi á undan Víkingaklúbbnum. Sveitina skipa þeir Héðinn Steingrímsson (2,5) Robert Ris (2,5) Davíð Kjartansson (2,5) Dagur Ragnarsson (2/4) Oliver Aron Jóhannesson (2,5) Jón Árni Halldórsson (2,5) Jón Trausti Harðarson (3,5) og Tómas Björnsson (4/4). A sveitin ætlar sér að halda bronssetinu síðari hlutanum og sækja Evrópumót félagsliða ef það takmark næst.

B sveitin tefldi nú í 1. skipti í 2. deild með unga og efnilega skákmenn á flestum borðum sem teflt hafa fyrir skákdeildina frá byrjun. B sveitin átti við ramman reip að draga og er í 8. og neðsta sæti eftir 4 umferðir af 7 í annars jafnri deild. Dagur Andri Friðgeirsson (2,5/3) Nansý Davíðsdóttir (2/4) og Jóhann Arnar Finnsson (2/3) eru með besta frammistöðu B sveitar manna. Í 4. deild eru C og D sveitirnar skipaðar grunnskólakrökkum og er C sveitin með 13,5 vinninga í 6. Sæti og D sveitin í 12. Sæti með 6 vinninga.

Á Íslandsmóti ungmenna 2016 í Rimaskóla 8. og 9. október voru Fjölnisstúlkur áberandi og náðu tveimur Íslandsmeistaratitlum.

Þetta voru þær Nansý Davíðsdóttir sem varð Íslandsmeistari stúlkna 13-14 ára og Ylfa Ýr Welding Hákonardóttir í flokki 11 – 12 ára stúlkna.

TORG-mót Fjöltnis var haldið 13. sinn í Rímaskóla laugardaginn 26. nóv. Að vanda var góð þátttaka en að þessu sinni voru alls skráðir 57 grunnskólanemendur þar af margir sterkustu skákmenn landsins á grunnskólaaldri. Fyrirtækin á Torginu Hverafold gáfu vinninga auk Emmess sem þar að auki bauð upp á hagstæðar veitingar í skákhléi. Heiðursgestur mótisins að þessu sinni var Ævar Þór vísindamaður, rithöfundur og leikari. Hann flutti snjallt ávarp og minntist þess þegar hann tók þátt í sínu fyrsta skákmóti norður á Hólum. Teflt var í þremur flokkum; eldri flokk, stúlknaflokk og yngri flokk. Tefldar voru sex umferðir og varð Nansý Davíðsdóttir Fjölni efst með 5,5 vinninga af sex. Hálfum vinningi neðar urðu þeir Joshua Davíðsson Fjölni, bróðir Nansýjar og sigurvegari í eldri flokk á stigum, Stephen Briem og Örn Alexandersson. Gunnar Erik Guðmundsson sigraði í yngri flokk. Skákstjórar voru þeir Helgi Árnason formaður skákdeildar Fjölnis og Björn Ívar Karlsson kennari við Skákakademíu Reykjavíkur.

Í lok ársins, var Dagur Ragnarsson heiðraður af aðalstjórn Umf. Fjölnis sem afreksmaður skákdeildar árið 2016.


Fundir í stjórn skákdeildar Fjölnis voru fáir árið 2016. Stjórnarmeðlimir komu að einstaka verkefnum skákdeildarinnar. Skákdeildin fékk rekstrarstyrk frá ÍTR fyrir árið 2016 sem er deildinni nauðsynlegur við uppbyggingu barna og unglíngastarfs og þátttöku á Íslands-

móti skákfélaga. Stjórn ÍTR og Skákakademíu Reykjavíkur er þakkað sérstaklega fyrir stuðninginn sem leiddi af sér enn eitt árangurs- og viðburðarríka skákárið. Skákdeild Fjölnis vill einnig þakka starfsfólki og aðalstjórn Fjölnis fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Loks ber að þakka húsverði Rímaskóla, Þorsteini Jónassyni, og skólaliðum skólans fyrir aðstoð við undirbúning skákæfinga og skákmóta í skólanum.

Reykjavík, 5. febrúar 2017

Helgi Árnason formaður skákdeildar





Sunddeild

Aðalfundur sunddeildar var haldinn í Egilshöll þriðjudaginn 31 janúar 2017. Stjórn Sunddeildar Fjölris starfsárið 2016 skipuðu:

Þórir Þorsteinsson formaður
Amar Már Jóhannesson varaformaður
Dagný Sverrisdóttir gjaldkeri
Hjördís Guðmundsdóttir ritari

Meðstjórnendur:

Sverrir Gíslason, Þróstur Guðmundsson, Guðmundur Arnarson og Þór Hallgrímsson

Þjálfarar:

Ragnar Friðbjarnarson hefur verið yfirþjálfari og þjálfari A hópa í Laugardalslauginni.

Hilmar Smári Jónsson og Bára Sæmundsdóttir hafa verið þjálfarar B og C hópa.

Ragnhildur Guðrún Baldursdóttir (Gunna) hefur séð um kennslu í innlauginni í Grafarvoginum.

Gunna sá um sumarnámskeiðin með aðstoð eldri sundmanna deildarinnar.

Vel hefur gengið að fjölga í sundskólanum og yngri hópum félagsins og ber þróttmikið starfið í Grafarvogslauginni glöggt merki

góðrar samvinnu þeirra sem þar starfa við þjálfun.

Samstarf TEAM Reykjavík hélt áfram árið 2016

Þær sunddeildir sem mynda TEAM Reykjavík eru Sunddeildir Fjölris, KR og Ármanns. Hóparnir æfa saman í Laugardalnum. Iðkenda fjöldi í eldri hópum hefur örlítið dregist saman á milli ára.

Ragnar þjálfari hefur leitt starfið í Laugardal eins og áður Við þökkum Ragnari kærlega fyrir aðstoðina og stuðninginn sem hann hefur veitt okkur.

Fjölir, KR og Ármann kepptu sameiginlega undir merkjum ÍBR á Bikarmóti

og á Íslandsmeistaramóti í 25 metra laug. Nánar er farið yfir árangur í mótum í skýrslu yfirþjálfara. Þjálfun og kennsla hefur í heildina gengið mjög vel þetta árið og hafa iðkendur sinnt íþrótt sinni af kostgæfni og tekið miklum framförum.

Stjórnin þakkar þjálfurum fyrir vel unnin störf á árinu.





Tennisdeild

Aðalfundur tennisdeildar var haldinn í Tennishöllinni fimmtudaginn 26 janúar 2017.

Á síðasta aðalfundi 2015 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Óskar Knudsen, formaður
Carola Frank, meðstjórnandi
Guðrún Sigrún Jónsdóttir, meðstjórnandi
Hera Björk Brynjarsdóttir, meðstjórnandi
Teitur Marshall, meðstjórnandi

Farið var yfir skýrslu formanns

1 Fjármál

Ársreikningur félagsins er lagður fram á aðalfundi. Eins og undanfarin ár fara nokkurn veginn allar tekjur tennisdeildarinnar sem koma frá æfingagjöldum í að greiða laun þjálfaranna. Gjöld sem greidd eru af æfingahúsnæði eru greidd af Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

2. Aðstöðumál

Starfsemi Tennisdeildarinnar fer að mestu leiti fram í Tennishöllinni í Kópavogi, þar eru þrír vellir. Fjölísæfingar eru 5 sinnum í viku en æfingar í samstarfi við Þrótt, TFK, BH og TFG eru einng í boði fyrir Fjölís-fólk. Síðasta sumar var samstarf við Tennisdeild Þróttar og Tennishöllina um útiæfingar í aðstöðu Þróttar í Laugardal. Í Laugardal voru haldin 5 tveggja vikna barnanámsskeið ásamt venjubundnum æfingum deildarinnar tvisvar til þrisvar í viku.

3. Æfingar

Carola Frank er aðalþjáfari deildarinnar en ásamt henni er Hera Björk Brynjarsdóttir starfandi þjálfari. Með auknu samstarfi koma nú fleiri að þjálfuninni. Sameiginlegu æfingar áður nefndra tennisfélaga hafa einnig verið í Tennishöllinni í Kópavogi. Þar þjálfar auk Carolu og Heru þeir Magnús Gunnarsson, Dominik Hobacher, Jón Axel Jónsson og Milan Dziak Kosicky .

4. Keppni

Hera Björk Brynjarsdóttir, stóð frábærlega á árinu er fastur liðmaður í kvennalandsliði Íslands í tennis Þáttakandi í Federation Cup (heimsmeistaramóti landsliða) fyrir hönd Íslands með sinn fyrsta sigur á Fed Cup gegn leikmanni númer 1 frá Kósóvó, Edita Raca, Hera lék frábæran leik og sigraði í þremur settum 6-2, 6-7(4) og 6-2. Hera varð í öðru sæti á bikarmóti TSÍsem haldið var í janúar, en vann það mót núna í lok desember. Hera er Íslandsmeistari í tvíliða og tvenndarleik utanhúss, hún var í öðru sæti í einliðaleik á Íslandsmóti utanhúss. Hera er Íslandmeistari í einliðaleik innanhúss og tvenndarleik innanhúss. Hera var einnig í 1. sæti í einliðalei á 2. Stórmóti TSÍ ITN.

Teitur Ólafur Marshall var í landsliði Íslands sem keppti á Davis Cup í Eistlandi

5 Framtíðarhorfur

Næsta sumar er stefnt að því að endutaka sumarnámsskeið á tennisvöllum

Tennisdeildar Þróttar í Laugardal. Vonast er til að okkur takist að halda sumarnámsskeið í tennis í Grafarvogi. Samstarf um æfingar í Tennishöllinni heldur áfram. Stefnt er að því að fjölga æfingum í Tennishöllinni í Kópavogi og fjölga þar tímum fyrir 8 til 10 ára börn.

Óskar Knudsen



Gildin okkar

Við berum virðingu fyrir félaginu okkar, iðkendum hjá félaginu, samherjum sem og mótherjum. Við berum virðingu fyrir starfi allra deilda innan okkar raða, búningum félagsins og eigum. Að sjálf-sögðu berum við almennt virðingu fyrir umhverfi okkar. Við erum einnig stolt af félaginu okkar og við erum stolt af þeim afrekum sem allar deildir eru að vinna. Við erum stoltir meðlimir UMFÍ.

Heilbrigði

Við viljum hvetja alla féлага í Fjölni til heilbrigðs lífennis. Við berjumst gegn misnotkun allra skaðnautna, tóbaks, áfengis og eiturlýfja. Við viljum hvetja alla féлага í Fjölni og þá sem tengjast félaginu til holls mataræðis og aukinnar almennrar íþróttaiðkunar.

Samkennd

Við viljum auka samkennd og samvinnu innan félagsins. Nýtum stærð okkar á réttan hátt og lærum af afrekum og vandamálum hvers annars. Höfum gaman að því sem við erum að gera, það einfaldar allt starf og leiðir til betri afreka. Félagsstarf verður að vera mikilvægt öllum þeim, sem að félaginu koma

Metnaður

Við höfum mikinn metnað fyrir framgangi félagsins og stefnum að því að gera Fjölni að enn frekara stórveldi í íþróttastarfi. Við höfum metnað fyrir afrekum allra iðkenda í öllum deildum félagsins.



FRÉTTAPUNKTAR FRÁ UMFÍ 2016

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ Í BORGARNESI

19. unglíngalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2016. Mótshaldari var Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB). Eva Hlín Alfreðsdóttir var ráðin verkefnastjóri en Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ mótsins, var framkvæmdastjóri eins og undanfarin ár. Til að upplýsa bæjarbúa og aðstoða verslunareigendur við undirbúning var haldinn íbúafundur sem auglýstur var með góðum fyrirvara. Mótið var auglýst í öllum helstu fjölmiðlum og bryddað upp á þeirri nýjung að búa til stórt auglýsingaspjald sem sett var til móts við Borgarnesbrúna og blasti það við fólki þegar það kom inn í bæinn nokkrum vikum áður en mótið hófst. Á mótinu voru ýmsar greinar kynntar keppendum. Þar á meðal var kynning á pílukasti. Þeir Peter Licht og Omid Hosseinkani frá Copenhagen Panna House í Danmörku sýndu líka



listir sínar í götufótbolta og leyfðu öllum að prófa. Það vakti mikla lukku. Keppendur voru 1.314, á aldrinum 11–18 ára, 756 strákar og 558 stúlkur. Flestir keppendur voru frá Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK) eða 192 en næstflestar frá Ungmennasambandi Kjalarnesþings (UMSK). Keppt var 15 greinum og voru slegin tvenn Íslandsmet. Litlu munaði að Íslandsmetin yrðu þrjú því í einu sýningaratriðanna við setningu mótsins kepptu spretthlauparar sín á milli. Þar á meðal við Ari Bragi Kárason úr FH. Hann spretti heldur betur úr spori og fór 100 metrana á 10,38 sekúndum. Enginn Íslendingur hefur hlaupið jafn hratt. Hlaupið var hins vegar ekki gilt því meðvindur reyndist of mikill. Við slit mótsins var tilkynnt að Ungmennafélag Akureyrar (UFA) hlyti Fyrirmyndarbikar Unglínngalandsmóts UMFÍ.

LANDSMÓT UMFÍ 50+ Í BORGARNESI

6. Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Ísafirði dagana 10. – 12. júní 2016. Héraðssamband Vestfirðinga (HSV) var mótshaldari. Keppt var í 17 greinum sem endurspegluðu áhuga og iðkun heimamanna. Strandblak, netabæting og línubeiting féllu hins vegar niður af áður auglýstri dagskrá. Mótið gekk vel fyrir sig í alla staði og var almenn ánægja keppenda með það. Landsmót UMFÍ 50+ hófst eins og venja er á föstudegi og því lauk á sunnudegi. Bryddað var upp á nýjungum á mótinu sem vöktu lukku. Önnur þeirra var sameiginlegur kvöldverður og skemmtun. Að loknum málsverði hélt hin landsþekkt hljómsveiti BG uppi fjöri. Bæði skipuleggjendur og mótsgestir voru sammála um að þessi nýbreytni hafi tekist afar vel. Miklar líkur eru á að efnt verði aftur til sameiginlegs viðburðar fyrir mótsgesti í framtíðinni. Kynjaskipting keppenda var nokkuð jöfn. Til leiks vestur mættu 256 keppendur, þar af 132 karl-

ar og 122 konur. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða bauð upp á heilsufarsmælingu.

UNGMENNA- OG TÓMSTUNDABÚÐIR Á LAUGUM

Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal eru starfsræktar yfir skólaárið fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla. Starf Ungmennabúðanna að Laugum veturinn 2015–2016 var viðburðaríkt að vanda og sóttu tæplega 2.000 nemendur búðirnar heim. Strax um haustið 2015 voru gerðar breytingar á starfi Ungmennabúðanna. Ferðadagurinn í þeirri mynd sem hann var í frá upphafi var lagður af og í stað hans var settur inn nýr dagskrárliður sem kallast Hólaferðin. Í Hólaferðinni fara nemendur í þriggja tíma göngu- og sveitaferð að Hólum í Hvammssveit í Dölum. Gangan er tæpir 6 kílómetrar og varir heimsóknin í um klukkustund. Í göngunni takast nemendur á við ýmis verkefni ásamt því að njóta

útivistar. Markmið heimsóknarinnar er að fræða nemendur um helstu störf bænda, hvaðan fæðan sem þau neyta kemur og eru nemendur kynntir fyrir lífinu í sveitinni. Á haustönn-inni dvöldu á Laugum fjórir erlendir sjálfboðaliðar sem auðguðu starfið og sköpuðu mikla gleði og líf í kringum sig. Í október komu þrjár stúlkur frá tækniskóla í Svíþjóð og voru við nám í Ungmennabúðunum í þrjár vikur. Þær sinntu ýmsum verkefnum og útbjuggu kennslufni á ensku. Heimasíða Ungmenna- og tómstundabúðanna er www.ungmennabudir.is.

HREYFIVIKA UMFÍ

UMFÍ hefur frá árinu 2012 tekið þátt í evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move. Hér á landi kallast herferðin Hreyfivika UMFÍ. Markmið verkefnisins er að að fá hundrað milljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020. Hreyfivikan hefur í gegnum tíðina verið haldin í september. Árið 2016 barst með skömmum fyrirvara tilkynning að utan að Hreyfivikan færðist fram á vor. Þátttaka hefur aukist árlega í Hreyfivikunni og sló hún öll met árið 2016. Þá voru boðberar hreyfingar 150 talsins í 55 bæjarfélögum, viðburðirnir 480 af ýmsum toga og þátttakendur hvorki fleiri né færri en 42.000 um allt land!

SÝNUM KARAKTER

Sýnum karakter er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ. Verkefnið hefur það aðalmarkmið að þjálfá sálræna og félagslega færni barna og ungmenna í íþróttum. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á að hægt sé að þjálfá og styrkja sálræna og félagslega færni iðkenda eins og líkamlega færni. Grunnhugmyndin að verkefninu kemur frá dr. Viðari Halldórssyni, félagsfræðingi við Háskóla Íslands, og Valdimar Gunnarssyni hjá UMSK. UMFÍ og ÍSÍ tóku höndum saman um það að koma verkefninu á framfæri út í íþróttahreyfinguna. Því var ýtt úr vör með stórri ráðstefnu 1. október 2016 þar sem frábærir fyrirlesarar tóku þátt og fjölluðu um ýmsa þætti sem varða sálræna og félagslega þjálfun. Í lok nóvember var önnur ráðstefna haldin í Háskólanum á Akureyri og mættu um 180 þátttakendur. Áhersla var lögð á fyrirlesara af svæðinu sem tengir félögin á Norðurlandi enn frekar við verkefnið. Stefnit er að því að halda álíka ráðstefnur í hverjum fjórðungi á næstu misserum og kynna verkefnið frekar fyrir íþróttahreyfingunni og hjálpa til við að innleiða það inn í starfsemi félaganna. Hægt er að fræðast frekar um verkefnið, lesa pistla frá íþróttafólki og þjálfurum, horfa á fyrirlestra af ráðstefnunum og skoða verkfærakistu Sýnum karakter á vefsíðunni www.synumkarakter.is

EVROPA UNGA FOLKSINS

Evrópa unga fólksins (www.euf.is) er þjónustuskrifstofa og þekkingarmiðstöð fyrir æskulýðsstarf á Íslandi. Starfsfólk skrifstofunnar veitir styrki úr Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins til verkefna í æskulýðsstarfi og aðstoðar þá sem ætla að sækja styrki við að móta góð verkefni. Skrifstofan miðlar þekkingu um æskulýðsstarf og óformlegt nám á Íslandi á ýmsa vegu og styður við símenntun æskulýðsstarfsfólks, meðal annars með því að styrkja það til þess að sækja námskeið í Evrópu. Evrópa unga fólksins er rekin af Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. UMFÍ hefur séð um rekstur skrifstofunnar frá 2007 en árin 2007-2013 var ungmennaáætlun Evrópusambandsins, forveri Erasmus+, einmitt kölluð Evrópa unga fólksins. Starfsmenn eru þrír og einn í afleysingu. Forstöðumaður Evrópu unga fólksins er Anna R. Möller.

FORVARNARDAGURINN

Forvarnadagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands, í samvinnu við Ungmennafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Árið 2016 fór dagurinn fram 12. október. Dagurinn var helg-

aður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og ungmennum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Guðni Th. Jóhannesson, nýr forseti Íslands, tók virkan þátt í Forvarnardeginum og hefur gefið það út að halda skuli áfram með verkefnið.

HEIMSÓKN Á BESSASTAÐI

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, bauð rúmlega 30 fulltrúum aðildarfélaganna UMFÍ í heimsókn á Bessastaði í tilefni af Alþjóðlegum degi sjálfboðaliðans 5. desember 2016. Starfsemi UMFÍ er nefnilega borin uppi af sjálfboðaliðum, hvort heldur eru Landsmót UMFÍ 50+, árlegt Unglingalandsmót sem margir þekkja, Hreyfivika UMFÍ og margar aðrar uppákomu og viðburðir á vegum aðildarfélaganna UMFÍ um land allt. Guðni minntist langafa síns, alþýðufræðarans Guðmundur Hjaltasonar (1853-1919), sem var mikill og ötull talsmaður ungmennafélagshreyfingarinnar og átti drjúgan hlut í að koma henni á laggirnar. Örn Guðnason, varaformaður UMFÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, afhentu forsetanum fallegar gjafir, Eintak af bókinni Vormenn Íslands, sem fjallar um sögu Ungmennafélagshreyfingarinnar, bók um sögu landsmóta UMFÍ, treyju með merki UMFÍ, eintak af ársskýrslu UMFÍ

og eintak af Skinfaxa, tímariti UMFÍ.

UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI

Verkefnið Ungt fólk og lýðræði leggur áherslu á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi. Þar er lögð áhersla á að einstaklingar geti styrkt sjálfmynd sína og tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og lífsstíl. Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði hefur verið haldin árlega frá árinu 2009. Hún hefur nú fest sig í sessi á meðal mikilvægustu viðburða fyrir ungt fólk á Íslandi.

Ráðstefnan var haldin í sjöunda sinn á Selfossi dagana 16.–18. mars árið 2016. Yfirskrift ráðstefnunnar var:

Niður með grímuna. Ungmennaráð UMFÍ sá um undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar ásamt Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK), sveitarfélaginu Árborg og fagfólki frá Kvíðamiðstöðinni. Ráðstefnuna sóttu 90 manns, þar af 69 ungmenni frá ungmennaráðum víða um land. Ungmennin voru á aldrinum 16–25 ára. Ungmennaráð UMFÍ gerir ráð fyrir því að halda áttundu ráðstefnu Ungs fólks og lýðræðis árið 2017. Við upphaf Ungmennaráðstefnunnar var 718 golfkúlur látnar rúlla um gólf á milli ráðstefnugesta. Það voru jafn margar kúlur og fjölda barna og ungmenna sem um áramótin 2015/2016 voru á biðlista eftir sér- eða ítarþjónustu geðheilbrigðisstofnana.

GÖNGUVERKEFNI

Ungmennafélag Íslands hefur um nokkurra ára skeið gefið út Göngubókina – Göngum um Ísland. Stefnt er að því að hún komi út í maí ár hvert. Í Göngubók UMFÍ er að finna upplýsingar um mislangar gönguleiðir sem henta fjölskyldum og er lagt upp með að leiðirnar henti jafnt yngra sem eldra og reynslumeira göngufólki. Jafnframt er að finna fróðleik um það sem hafa þarf í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Göngubókin kom út í 7.000 eintökum árið 2016. Henni var dreift á alla helstu ferðamannastaði, sundstaði, í íþróttahúsi í þéttbýli og á þjónustustöðvar N1 víða um land.

VORFUNDUR UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn laugardaginn 21. maí 2016 í þjónustumiðstöð UMFÍ. Á fundinn mættu

framkvæmdastjórnar og formenn sambandsaðila UMFÍ auk stjórnar. Á fundinum flutti Sævar

Kristinsson, sérfræðingur hjá KPMG, erindi um framtíð íþróttamála og Fjalar Sigurðarson,

markaðsstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, erindi um mikilvægi upplýsingagjafar frá ýmsum hliðum. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, setti vorfundinn og bauð gesti velkomna. Auk erinda þeirra Sævars og Fjalars ræddi Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, um

stefnumótunarvinnu ungmennafélagshreyfingarinnar, sem staðið hafði yfir í um ár. Jafnframt gerði Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ, grein fyrir Hreyfivikunni, sem var vikuna á eftir vorfundinum. Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Landsmóta UMFÍ, fór yfir næstu Landsmót, sérstaklega Landsmót UMFÍ sem haldið verður á Sauðárkróki 2018. Mótið verður geysistört enda bætist við það Landsmót UMFÍ 50+ þess árs. Ráð er gert fyrir miklum fjölda þátttakenda og verða ýmsar nýjungar í boði sem hafa ekki sést á fyrri mótum.

SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ

40. sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) var haldinn að Laugum í Sælingsdal laugardaginn 15. október 2016. Eins og fram kemur í 10. grein í lögum UMFÍ er sambandsráðsfundur UMFÍ æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ. Verkefni sambandsráðsfundar eru að ræða skýrslu næstliðins árs, afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs og viðfangsefni UMFÍ á milli þinga. Fundinn sóttu 44 fulltrúar með stjórn og starfsfólki UMFÍ. Fulltrúar frá 24 sambandsaðilum UMFÍ mættu en vantaði fulltrúa frá fimm sambandsaðilum. Dagskrá

var hefðbundin. Ný heildstæð stefna samtakanna var kynnt og tekin til umfjöllunar í þjóðfundarfyrirkomulagi. Á fundinum var greint frá því að Héraðssambandið Skarphéðinn hlyti hvatningarverðlaun Ungmennafélags Íslands fyrir öflugt og metnaðarfullt frjálsíþróttastarf á vegum frjálsíþróttaráðs HSK. Guðríður Aadnegard, formaður HSK, og Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, tóku við hvatningarverðlaununum.

SKINFAXI

Fjögur tölublöð Skinfaxa, tímarits UMFÍ, komu út á árinu. Ákveðið var að gefa ekki út sérstök landsmótsblöð eins og áður heldur hafa ítarlega umfjöllun um mótin og mótsstaði í þeim tveimur tölublöðum sem komu út í aðdraganda mótanna. Menn- ingar- og útgáfunefnd UMFÍ mótaráherslur í hverju blaði. Þar er umfram allt fluttar fréttir úr ungmennafélags- hreyfingunni, vakin athygli á því sem vel er gert og fjallað um lýðheilsu og önnur mál sem tengjast hreyfingu og góðum verkum. Lögð er áhersla á að blaðið sé líflegt og umfjöllunar- nefnið bæði gagnlegt og fræðandi. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson tók við sem kynningarfulltrúi UMFÍ í apríl 2016 af Jóni Kristjáni Sigurðssyni og er hann jafnframt ritstjóri Skinfaxa.

SÝNDU HVAD Í ÞÉR BÝR

Félagsmálanámskeiðið Sýndu hvað

Í þér býr er haldið víða um land á hverju ári. Árið 2016 sóttu það á milli 200-300 manns. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti sem tengjast ræðumennsku, framkomu, ræðuflutningi og raddbeitingu ásamt öðrum lykilþáttum sem snúa að fundarhaldi. Sambandsaðilar UMFÍ geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og óskað eftir því að fá námskeiðið til sín eða senda ungmennaráð og félag á námskeiðið í þjónustumiðstöðinni. Landsfulltrúinn Sabína Steinunn Halldórsdóttir hefur veg og vanda af kennslunni og utanumhaldinu. Nánari upplýsingar um námskeiðið má fá á vefsíðunni www.umfi.is eða með því að senda Sabínu póst á netfangið sabina@umfi.is

HEIMSÓKN TIL DGI

Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Góð samvinna og vinskapur er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ einmitt frá DGI. Stjórn og ungmenni fara í heimsókn hvors til annars annað slagið. Í september 2016 fór lítill hópur frá UMFÍ í heimsókn til DGI í Álaborg til að afla upplýsinga um undirbúning, skipulagningu og framkvæmd dönsku landsmótanna á vegum DGI. Stefnir er að því að hópur fari á landsmótið sumarið 2017.

JÖRGEN Í STJÓRN NSU

Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde eru samtök ungmennafélaga á Norðurlöndunum. Á þeim vettvangi er unnið mikið af sameiginlegum verkefnum sem tengja Norðurlöndin saman. Þar má nefna ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðaráðstefnur og ungbændaráðstefnur. UMFÍ á tvo fulltrúa í stjórn NSU. Ungmennavika NSU fór fram dagana 7–14. ágúst 2016 í Ástad í Svíþjóð. Yfirskrift vikunna var JOURNEY 4 LIFE. Fjallað var um menningu, leiðtogahæfileika, þátttöku jaðarhópa, samskipti og áhrif. Vikan var stúttfull af spennandi ævintýrum ásamt heimsókn í skemmtigarð og kvölddagskrá fór fram öll kvöld. UMFÍ sendi fimm ungmenni til þátttöku í vikunni. Leiðtogaskóli NSU fer fram í október 2016. Ráðstefna og aðalfundur NSU fóru fram í september. Þar voru níu fulltrúar frá UMFÍ. Á fundinum var í fyrsta sinn kosið eftir nýju stjórnarfyrrirkomulagi og náði Jörgen Nilsson, tómstundaleiðbeinandi í Ungmennna- og tómstundabúðum UMFÍ að Laugum í Sælingsdal, kjöri í stjórn.

LÝÐHÁSKÓLI UMFÍ

Ungmennafélag Íslands hefur lýst yfir áhuga á því að stofan og reka lýðháskóla á Íslandi. UMFÍ horfir meðal annars til húsnæðis íþróttakennaraháskólans á Laugarvatni en

háskólaráð Háskóla Íslands ákvað í febrúar 2015 að flytja námið frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Gangi það eftir fækkar opinberum störfum í Bláskógabyggð. Með stofnun lýðháskóla UMFÍ á Laugarvatni er spornað við fækkun starfa auk þess sem valmöguleikum námsmanna að loknu stúdentsprófi fjölgar. Liður í því var ferð hóps á vegum UMFÍ til Danmerkur í lok október 2016 til að kynna sér námsframboð, rekstur og fyrirkomulag lýðháskóla þar í landi. Hópurinn heimsótti lýðháskólana í Vejle og Gerlev og hitti hann þar fjölda Íslendinga sem eru þar við nám. Ferðin var styrkt af Evrópu unga fólksins (EUF).

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Starfsmaður UMFÍ og framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ er búsettur á Sauðárkróki og er hann með skrifstofu að Víðigrund 5 í bænum. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalda sem ýmsar nefndir nýta sér. Í þjónustumiðstöðinni er líka skrifstofa Evrópu unga fólksins. Þar eru ýmsir með aðstöðu. Þar á meðal Landssmband eldri borgara, Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA), Fræðsla og forvarnir

(FRÆ) og Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) næstu tvö árin.

ELDRI UNGMENNAFÉLAGAR

Nefnd eldri ungmennafélaga og Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) vinnur náði saman enda er markmið þeirra eitt og hið sama; að stuðla að bættri lýðheilsu fólks, auka hreyfingu og mæla fyrir kostum þess að hafa gaman saman. Helstu verkefni n hafa falist í námskeiðahaldi og keppnum víða um land í boccía, ringó og þútti auk ýmissa dansnámskeiða.

UNGMENNARÁÐ

Í ungmennaráði UMFÍ eru tíu ungmenni víða að frá landinu. Formaður þess er Aðalbjörn Jóhannsson og situr hann til tveggja ára í senn. Ungmennaráðið fundar einu sinni í mánuði yfir skólaárið en nýtir samfélagsmiðla og aðra tækni til skrafs og ráðagerða. Ýmis verkefni koma á borð ráðsins, bæði almennt innan æskulýðsmála á Íslandi og í tengslum við verkefni UMFÍ. Helstu verkefni ungmennaráðsins hafa verið ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði og nú síðast Umræðupartý UMFÍ, sem haldið verður í tvö ár.

ÆSKULÝÐSVETT-VANGURINN

UMFÍ er eitt aðildarfélaga Æskulýðs-

vettvangsins. Sambandsaðilum UMFÍ stendur margt til boða hjá Æskulýðsvettvanginum og er það þeim að kostnaðarlausu. Þar á meðal eru siðareglur um samskipti fyrir starfsmenn og sjálfboðaliða sem vinna með börnum og ungmennum og siðareglur um rekstur og ábyrgð fyrir þá sem sitja í stjórnun og bera ábyrgð í félagum. Aðgerðaáætlun gegn einelti og óæskilegri hegðun, fræðsluerindi um einelti, forvarnir og úrvinnslu eineltismála og námskeiðið Verndum þau, sem fjallar um það hvernig bregðast á við þegar grunur kemur upp um ofbeldi og vanræsklu gegn börnum og ungmennum. Að auki eru tvö ráð á vegum Æskulýðsvettvangsins sem öllum sambandsaðilum UMFÍ er velkomið að leita til fagráðs til að vinna með og leysa mál sem tengjast kynferðisbrotum sem framin hafa verið í starfi aðildarfélaga og ráðgjafahópur í meðferð eineltismála sem hefur það hlutverk að koma að þrálátum og erfiðum eineltismálum til stuðnings við starfsmenn og foreldra/forráðamenn.



Starfssvæði Fjölnis og framtíðarþróun

Grafarvogur afmarkast af ósum Elliðaár í vestri, samnefndum vogi í suðri og Vesturlandsvegi í austri, sveitafélagsmörkum að Mosfellsbæ og sjó. Þar búa um 18 þúsund manns á rúmlega sex þúsund heimilum. Til Grafarvogshverfis teljast Hamrar, Foldir, Hús, Rimar, Borgir, Víkur, Engi, Spöng, Staðir, Höfðar, Bryggjuhverfi, Geirsnef, Gufunes og Geldinganes. Grafarvogur dregur nafn sitt af bænum Gröf, sem nú er í eyði en stóð innst við hann, við Grafarlæk fyrir sunnan Keldur. Í Höfðahverfi eru atvinnusvæði sem talin eru hafa mikla þróunarmöguleika, einkum í vesturhlutanum. Land Keldna og Keldnaholts eru skilgrind sem framtíðaruppbyggingarsvæði, einkum fyrir atvinnuhúsnæði en ekki fyrir íbúðir. Samkvæmt nýju aðalskipulagi Reykjavíkur mun íbúðum innan nú- verandi skólahverfa fjölga um 550 á næstu árum.

En í borgarhlutanum í heild er horft fram á fjölgun íbúða um 3.350 þegar til lengri tíma er litið.

Grafarvogur er stórt hverfi bæði hvað varðar íbúafjölda en einning landsvæði. Í hverfinu er mikil hverfisvitund og líta margir íbúar á Grafarvog sem einskonar bæ innan borgarmarkanna.

Það sem einkennir hverfið er mikil nánd við náttúruna. Þar ber helst að nefna svæði eins og Gufunesið, Grafarvoginn og áanna Korpu. Hverfið markast einnig af langri og fallegri sjávarsíðu sem umlykur hverfið að stórum hluta. Íbúarnir nýta sér óspart þessar náttúruperlur til útivistar og íþróttaiðkunar.

Tekið úr grein í Morgunblaðinu 17 febrúar 2015.



Fjölismaður ársins

2016 Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

2015 HERMANN KRISTINN HREINSSON

2014 BRYNJAR ÞÓR FRÍÐRIKSSON

2013 KRISTJÁN EINARSSON OG ÁSTA BJÖRK

MATTHÍASDÓTTIR

2012 STEINAR INGIMUNDARSON

2011 HELGI ÁRNASON

2010 MÁLFRIÐUR SIGURHANSDÓTTIR

2009 GUÐLAUG BALDVINSDÓTTIR OG HÁKON ÓLI

GUÐMUNDSSON

2008 ÓLAFUR ÞÓR GUNNLAUGSSON

2007 GUNNAR MÁR GUÐMUNDSSON

2006 KÁRI ARNÓRSSON

2005 BIRGIR GUNNLAUGSSON

2004 BJARNEY SIGURÐARDÓTTIR

2003 RAGNAR TORFASON

2002 INGÓLFUR NARFASON

2001 STEFÁN KRISTJÁNSSON

2000 JÓN ÞORBJÖRNSSON

1999 JÚLÍUS HAFSTEINSSON

1998 SIGURRÓS ERLENDSDÓTTIR

1997 JÓN MAGNÚSSON

1996 MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR

1995 JÓNÍNA M. ÞÓRÐARDÓTTIR

1994 ERLA GUNNARSDÓTTIR

1993 ÞÓR STEINARSSON

1992 SIGURÐUR ÓLI ÞORLEIFSSON

1991 STEFÁN MÁR GUÐMUNDSSON

1990 ENGIN TILNEFNDUR

1989 SIGRÍÐUR BJARNADÓTTIR

1988 AGNETHE AÐALSTEINSDÓTTIR

Reglugerð

Fjölismaður ársins er kjörinn ár hvert af aðalstjórn félagsins.

Fjölismaður ársins er valin með hliðsjón af framúrskarandi framlagi til félagsins í formi sjálfböðavinnu, hvatningu, unnið óeigingjarnt starf og eða annað sem tekið hefur verið eftir.

Deildir félagsins geta komið með ábendingar um einstakling sem gæti komið til greina.

